BYGGÐASTOFNUN

# VESTURLAND

## Stöðugreining 2014

BYGGÐASTOFNUN

23.02.15

Ritstjórn: Árni Ragnarsson. Aðrir höfundar efnis:
Einar Örn Hreinsson, Guðmundur Guðmundsson, Kristján Þ. Halldórsson,
Sigríður K. Þorgrímsdóttir, Sigríður Elín Þórðardóttir,
Sigurður Árnason, Snorri Björn Sigurðsson.



Vesturland. Stöðugreining 2014

## Efnisyfirlit


Inngangur ........ 5

1. Vesturland, staðhættir og sérkenni ........ 6

1.1 Sérstaða ........ 6

1.2 Helstu byggðakjarnar og byggðarlög ........ 8

1.3 Íbúar. Mannfjöldaþróun ........ 10

1.4 Helstu þéttbýlisstaðir og íbúafjöldi ........ 11

1.5 Brothættar byggðir ........ 12

1.6 Jafnrétti ........ 12

1.7 Búferlaflutningar ........ 13

2. Menntun ........ 15

2.1 Skipting íbúa eftir menntun ........ 15

2.2. Háskólar, framhaldsskólar og símenntunarmiðstöðvar ........ 15

2.3 Starfafjöldi á þekkingarsetrum ........ 16

3. Efnahagsþróun ........ 18

3.1 Tekjur ........ 18

3.2 Atvinnuleysi og atvinnuþátttaka ........ 19

3.3 Nýskráning fyrirtækja, hlutfallsskipting framleiðslu og hagvöxtur ........ 20

3.4 Fasteignaverð ........ 22

4. Samgöngur ........ 23

4.1 Vegir, hafnir, flugvellir ........ 23

4.2 Almenningssamgöngur ........ 23

4.3 Fjarlægðir milli helstu þéttbýlisstaða ... 24
4.4 Gagnaflutningar ... 25
5. Opinber þjónusta ... 26
5.1 Sjúkrahús og heilsugæsla ... 26
5.2 Löggæsla og sýslumaður ... 26
5.3 Héraðsdómur ... 26
5.4 Rafveita og húshitun ... 27
5.5 Opinber störf ... 27
6. Önnur þjónusta ... 30
6.1 Verslun ... 30
6.2 Ýmis þjónusta ... 31
6.3 Ferðaþjónusta ... 31
7. Iðnaður ... 32
7.1 Landbúnaðarafurðir ... 32
8 Frumvinnsla ... 33
8.1 Landbúnaður ... 33
8.2 Fiskveiðar ... 37
8.3 Fiskeldi ... 46
9 Stoðkerfi ... 47
9.1 Stoðkerfi atvinnuþróunar og nýsköpunar ... 47
9.2 Áætlanir ríkisins og samþætting þeirra ... 48
9.3 Sóknaráætlun ... 48
9.4 Þekkingarsetur ... 49
9.5 Svæðisskipulag ... 49
10 Verkefna- og menningarsamningar ... 51
10.1 Vaxtarsamningur ... 51
10.2 Menningarsamningur ... 51
11 Fjölþjóðlegt samstarf ... 53
11.1 NORA, Norræna Atlantssamstarfið ... 53
11.2 NPP, Norðurslóðaáætlunin ... 53
Viðaukar ... 54
Viðauki 1: Verkefnaskrá vaxtarsamnings 2010-2013 ... 54
Viðauki 2: Verkefnaskrá menningarsamnings 2012-2013 ... 56



## Inngangur

Stöðugreining landshluta 2014 er uppfærsla á Stöðugreiningu 2012 með nokkrum viðbótum. Áhersla er á það lögð að landshlutasamtök sveitarfélaga gangist fyrir mótun sóknaráætlana fyrir landshlutana með framtíðarsýn og áherslum til lengri tíma. Þá er áhersla á samþættingu áætlana og hliðsjón af áætlunum ríkisins. Því þótti mikilvægt með stöðugreiningu nú að ná yfirsýn yfir hina mörgu sameiginlegu starfsþætti innan landshlutans, innviði hans og atvinnuvegi eftir því sem kostur er. Leitast er við að setja efni fram á myndrænan hátt og stytta texta þannig að yfirsýn fáist fljótt og síðan að tengja efnið við bakgrunnsgögn fyrir þá sem vilja kynna sér efnið betur. Mikilvægt er að Stöðugreining 2014 er uppflettirit, samantekt, aðgengileg á heimasíðu Byggðastofnunar, með öllum þeim tenglum við bakgrunnsgögn sem í því er að finna. Það verður ekki gefið út á pappír.

Sumir kaflar ritsins eru ekki uppfærðir frá 2012 vegna þess að ólíklegt þótti að breytingar væru merkjanlegar á svo stuttu tímabili. Þar sem um rafræna útgáfu er að ræða er möguleiki á að uppfæra einstaka kafla og það verður gert ef nýjar upplýsingar gefa tilefni til. Á Byggðastofnun er unnið að rafrænum gagnagrunni um byggðamál þar sem gögn verða uppfærð og gerð aðgengileg á netinu. Uppfærsla einstakra kafla stöðugreininga tengist þeirri vinnu.

Þess er vænst að þessi samantekt gagnist landshlutunum við stefnumótun, öðrum sem láta sig þau mál varða og almenna byggðaþróun í landinu, á lands- og landshlutavísu og sveitarstjórnarstigi.

Árni Ragnarsson.

# 1. Vesturland, staðhættir og sérkenni

## 1.1 Sérstaða

Svæði sóknaráætlunar Vesturlands nær yfir 9.555 km$^2$ og um 122 km í loftlínu milli marka í botnum Hvalfjarðar að sunnan og Gilsfjarðar að norðan. Að vestan nær svæðið frá Öndverðarnesi, vestast á Snæfellsnesi og um 200 km austur á Langjökul. Svæðið er samfallandi með starfssvæði landshlutasamtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, SSV, með aðild allra 10 sveitarfélaga með 15.441 íbúa 1. janúar 2014, 4,7% landsmanna sem er 0,1% minni hluti en 1. janúar 2012.

**Mynd 1.1.1 Landshlutasamtök og sveitarfélög 2012**




Vesturland er ríkt af sérstæðri náttúru til lands og sjávar, náttúrufegurð, veiðiám og frjórri jörð. Vesturlandi má skipta í fjögur svæði sökum sérstöðu, Akranessvæðið, láglent, þéttbýlt, iðnvætt með vaxandi íbúafjölda og á áhrifasvæði höfuðborgar, Borgarfjarðarsvæðið með blandað samfélag landbúnaðar, þéttbýlis, orlofshúsa og háskóla, Snæfellsnes með fjöll, jökla, sérstæða strandlengju og útgerðabæi og Dali með landbúnaðarland og fækkandi íbúa.

Samband sveitarfélaga á Vesturlandi hefur kannað viðhorf í búa til búsetu á Vesturlandi á þriggja ára fresti frá 2004. Í uppfærðri könnun 2013 sem sett var fram í skýrslu í maí 2014 kemur fram að Vestlendingar eru almennt séð ánægðir með búsetuskilyrði.[1] Mikil ánægja var með friðsæld, nálægð við fjölbreytta náttúru, gott mannlíf og greiða umferð. Í könnuninni var Vesturlandi skipt í fjögur minni svæði, Akranes og Hvalfjörð, Borgarfjörð, Snæfellsnes og Dali.

Búsetuskilyrði sem Vestlendingar á öllum svæðum töldu að þyrftu að lagast voru vöruverð og framfærslukostnaður. Á Akranesi, í Hvalfirði, Borgarfirði og Dölum var talið brýnt að bæta fjölbreytni starfa og atvinnuöryggi og á Snæfellsnesi og í Dölum var talið að bæta mætti vöruúrval. Framfarir töldust hafa orðið í almenningssamgöngum, tækifærum til afþreyingar og menningarlífi og möguleikum á eigin atvinnurekstri. Þá var ánægja með gæði og námsmöguleika á framhaldsskólastigi og námsmöguleika á háskólastigi.

**Mynd 1.1.2 Vesturland. Skipting í 4 svæði**
Kort úr skýrslu SSV um búsetuskilyrði, maí 2014




[1] http://ssv.is/Files/Skra_0067148.pdf

**Mynd 1.1.2 Virkjanakostir og vernduð svæði 2011**

Korthluti verkefnisstjórnar Rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúrusvæða 2011




Búsetuskilyrði sem Vestlendingum þótti hafa versnað frá könnuninni 2010 voru leiguíbúðir, vegakerfið, fjarskiptamál og íbúðir til kaups. Skrá yfir vernduð svæði á Vesturlandi og svæði á náttúruminjaskrá er að finna í stöðuskýrslu frá 2009 sem unnin var fyrir þjóðfund á Vesturlandi 2009.[2] (20/20 Sóknaráætlun. Stöðuskýrsla Vestursvæðis. Töluleg samantekt. Febrúar 2010.) Á bls. 21-35 í skýrslu verkefnisstjórnar Rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúrusvæða frá 2011 er að finna lista yfir forgangsröðun verkefnisstjórnarinnar.[3] Með skýrslunni fylgja kort þar sem merkt eru inn verndar- og nýtingarstaðir að tillögu verkefnisstjórnar[4].

[2] http://www.forsaetisraduneyti.is/media/island/soknaraaetlanir-fyrir-svaedi/landshlutask-vestursv.pdf
[3] www.idnadarraduneyti.is/media/Acrobat/Rammaaaetlun-1.pdf
[4] www.idnadarraduneyti.is/media/Acrobat/Kort-ur-skyrslu.pdf

## 1.2 Helstu byggðakjarnar og byggðarlög

Vesturlandi er oft skipt í fjögur undirsvæði vegna sérstöðu þeirra, hér í Akranessvæðið, Borgarfjörð, Snæfellsnes og Dali. Á Vesturlandi eru fjórir þéttbýlisstaðir með meira en 1.000 íbúa, einn á suðursvæðinu, einn í Borgarfirði, tveir á Snæfellsnesi en enginn í Dölum. Akranes er langstærstur, með stóriðju við Grundartanga og höfuðborgina innan vinnusóknar og íbúum á Akranesi hefur fjölgað stöðugt.

Aðstæður fólks, sókn eftir þjónustu, vinnu og verslun ráðast að nokkru af vegalengdum og ferðatíma. Sama má segja um forsendur til rekstrar fyrirtækja. Þannig hefur þéttleiki byggðar áhrif á búsetuskilyrði. Miðað við þetta byggð á höfuðborgarsvæðinu eru aðrir landshlutar strjálbýlir en á Vesturlandi er mikill munur á milli suðursvæðis

**Mynd 1.2.1**




**Mynd 1.2.2 Skipting mannfjöldans á svæðishluta Vesturlands 2014**




**Heimild: Hagstofa Íslands**

**Mynd 1.2.3 Landstærð og íbúafjöldi sveitarfélaga og svæðishluta 2012**

**Heimild: Hagstofa Íslands og LMÍ**

| | fer-kílómetrar | íbúafjöldi 2012 | íbúafjöldi á ferkílóm |
|---|---|---|---|
| Akranes | 9 | 6.592 | 732,44 |
| Hvalfjarðarsveit | 494 | 627 | 1,27 |
| Suðurhluti | 503 | 7.219 | 14,35 |
| | | | |
| Skorradalshreppur | 208 | 60 | 0,29 |
| Borgarbyggð | 4.925 | 3.470 | 0,70 |
| Eyja- og Miklaholtshr | 378 | 132 | 0,35 |
| Borgarfjarðarsvæði | 5.511 | 4.194 | 0,76 |
| | | | |
| Grundarfjarðarbær | 152 | 899 | 5,91 |
| Stykkishólmur | 10 | 1.108 | 110,80 |
| Snæfellsbær | 689 | 1.737 | 2,52 |
| Snæfellsnes | 851 | 3.744 | 4,40 |
| | | | |
| Helgafellssveit | 250 | 57 | 0,23 |
| Dalabyggð | 2.439 | 686 | 0,28 |
| Dalir | 2.689 | 743 | 0,28 |

**Mynd 1.2.4 Íbúafjöldi á Vesturlandi á ferkílómetra 2012**

**Heimild: Hagstofa Íslands, LMÍ**



**Mynd 1.2.5 Íbúafjöldi landshluta á ferkílómetra 2012**
**Heimild: Hagstofa Íslands, LMÍ**




og norðursvæðis landshlutans. Íbúafjöldi svæða og þéttleiki byggðar eru kvarðar sem auðvelt er að fylgjast með. Þeir byggjast á mannfjöldatölum Hagstofu Íslands ár hvert og landstærðum sem Landmælingar Íslands hafa reiknað. Skipting íbúafjöldans eftir kynjum er kvarði sem er mikilvægur og aðgengilegur í gögnum Hagstofu Íslands og uppfærist þar á hverju ári.

**Mynd 1.2.6 Íbúafjöldi á suðursvæði Vesturlands 1998-2013**




**Mynd 1.2.7 Íbúafjöldi á Borgarfjarðarsvæðinu 1998-2013**




**Mynd 1.2.8 Íbúafjöldi á Snæfellsnesi 1998-2013**




**Mynd 1.2.9 Íbúafjöldi í Dölum 1998-2013**



## 1.3 Íbúar. Mannfjöldaþróun

Þann 1. janúar 2014 bjuggu 15.441 íbúi á Vesturlandi, þar af 12.950 í þéttbýli, eða 83,9%. Íbúum hafði þá fjölgað um 1.479 frá 1998 eða um 10,6%. Þrátt fyrir íbúafjölgun hefur hlutur Vesturlands af þjóðinni farið heldur minnkandi á þessu tímabili.

Hlutfall erlendra ríkisborgara á Vesturlandi hefur verið talsvert yfir landmeðaltali, um og yfir 7% á móti 6,6% í ársbyrjun 2013. Í skýrslu Byggðastofnunar frá júní 2011 er leitast við að varpa ljósi á mikilvægi erlendra ríkisborgara fyrir íslenskt efnahagslíf.[5]

**Mynd 1.3.1 Íbúafjöldi sveitarfélaga 1998-2014**

Heimild: Hagstofa Íslands

| | 1998 | | 2003 | | 2008 | | 2014 | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Karlar | Konur | Karlar | Konur | Karlar | Konur | Karlar | Konur |
| Akranes | 2.606 | 2.519 | 2.866 | 2.729 | 3.358 | 3.043 | 3.411 | 3.288 |
| Skorradalshreppur | 30 | 22 | 35 | 30 | 35 | 26 | 31 | 27 |
| Hvalfjarðarsveit | 297 | 248 | 297 | 251 | 393 | 293 | 319 | 298 |
| Borgarbyggð | 1.684 | 1.575 | 1.766 | 1.647 | 1.976 | 1.805 | 1.823 | 1.712 |
| Grundarfjarðarbær | 467 | 455 | 496 | 473 | 466 | 452 | 434 | 438 |
| Helgafellssveit | 34 | 31 | 29 | 27 | 32 | 26 | 33 | 20 |
| Stykkishólmur | 635 | 623 | 628 | 593 | 579 | 532 | 558 | 537 |
| Eyja- og Miklaholtshr | 69 | 53 | 64 | 51 | 67 | 61 | 73 | 75 |
| Snæfellsbær | 895 | 848 | 909 | 869 | 885 | 831 | 873 | 818 |
| Dalabyggð | 427 | 406 | 393 | 363 | 375 | 334 | 351 | 322 |
| samtals | 7.144 | 6.780 | 7.483 | 7.033 | 8.166 | 7.403 | 7.906 | 7.535 |
| alls | **13.924** | | **14.516** | | **15.569** | | **15.441** | |

**Mynd 1.3.2 Íbúafjöldi Vesturlands og landsins alls 1998-2014**




**Mynd 1.3.3 Hlutfall íbúa á Vesturlands af þjóðinni allri 1998-2014**




**Mynd 1.3.4 Hlutfall erlendra ríkisborgara á Vesturlandi 2010-2013**




**Mynd 1.3.5 Þróun íbúafjöldans á Vesturlandi 1998-2014**




[5] http://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/Erlendir_rikisbogarar-juni_2011.pdf

## 1.4 Helstu þéttbýlisstaðir og íbúafjöldi

1. janúar 2014 bjuggu 6.684 á Akranesi og hafði fjölgað úr 5.125 frá árinu 1998 eða um 28,9%. Í Borgarnes bjuggu 1.824 og í Stykkishólmi 1.091, en tæplega 1.000 búa í Ólafsvík. Nokkrir þéttbýlisstaðir eru með 100 til 1.000 íbúa. Í þéttbýlisstöðum með yfir 1.000 íbúa fjölgaði í Borgarnesi á tímabili en eftir hrun hefur íbúum fækkað eins og í Stykkishólmi en heldur hefur fjölgað í Ólafsvík. Á minni þéttbýlisstöðum má segja að sé stöðnun í íbúafjöldanum nema í háskólaþorpunum, Hvanneyri og Bifröst og Melahverfinu, sem tengist iðnaðaruppbyggingunni á Grundartanga. Í landshlutanum má sjá mun á mannfjöldaþróun milli bæja sem eru á áhrifasvæði Reykjavíkur og utan þess. Viðgangur bæjanna er mikilvægur fyrir þróun búsetuskilyrða á svæðinu og því er íbúafjöldi þeirra mikilvægur kvarði sem byggist á tölum Hagstofu Íslands fyrir hvert ár.

**Mynd 1.4.1 Þéttbýlisstaðir og íbúafjöldi 2013-2014**

| | 2013 | | | 2014 | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Alls | Karlar | Konur | Alls | Karlar | Konur |
| Akranes | 6.612 | 3.369 | 3.243 | 6.686 | 3.407 | 3.279 |
| Borgarnes | 1.759 | 896 | 863 | 1.824 | 925 | 899 |
| Hvanneyri | 251 | 134 | 117 | 250 | 135 | 115 |
| Kleppjárnsreykir | 51 | 27 | 24 | 47 | 25 | 22 |
| Melahverfi í Hvalfirði | 115 | 61 | 54 | 113 | 58 | 55 |
| Bifröst | 246 | 110 | 136 | 251 | 114 | 137 |
| Hellissandur | 389 | 202 | 187 | 396 | 206 | 190 |
| Rif | 163 | 90 | 73 | 161 | 87 | 74 |
| Ólafsvík | 1.010 | 507 | 503 | 981 | 495 | 486 |
| Grundarfjörður | 852 | 418 | 434 | 826 | 407 | 419 |
| Stykkishólmur | 1.108 | 571 | 537 | 1.091 | 556 | 535 |
| Búðardalur | 252 | 131 | 121 | 266 | 136 | 130 |
| | 12.808 | | | 12.892 | | |

Heimild: Hagstofa Íslands






## 1.5 Brothættar byggðir

Ekkert byggðarlag á Vesturlandi er skilgreint inn í verkefnið *Brothættar byggðir.* Við samantekt Byggðastofnunar um byggðir með langvarandi fólksfækkun árið 2012[6] beindist athyglin þó að Dalabyggð með eftirfarandi niðurstöðum:




- Íbúum í Dalabyggð fækkaði um tæp 23% á tímabilinu 1994-2011.
- Heldur hefur dregið úr fólksfækkun undanfarin ár.
- Fækkunin var 30% í dreifbýli á tímabilinu, en 5% í Búðardal.
- Skipting milli kynja er misjöfn eftir aldurshópum.
- Eldri íbúum hefur fjölgað en íbúum undir fimmtugu fækkað.
- Dalabyggð er landbúnaðarsvæði og samhengi er milli þess og íbúaþróunar.
- Störfum hefur fækkað í mjólkurvinnslu þó mjólkurstöðin sé enn fjölmennasti vinnustaðurinn að sveitarfélaginu Dalabyggð undanskildu.
- Umferð hefur aukist um Dali með lagningu vegar um Þröskulda.
- Dalabyggð á samstarf við nágrannabyggðir í allar áttir og möguleikar hafa aukist með samgöngubótum.

Frá 2011 til 2014 fækkaði íbúum enn í Dalabyggð en fjölgaði þó árið 2013.

Aðstæður og þróun í Dölum þar sem íbúum hefur fækkað um tæp 23% á tímabilinu 1994-2011 er m.a. viðfangsefni í skýrslu Byggðastofnunar frá maí 2012, *Samfélag, atvinnulíf og íbúaþróun í byggðarlögum með langvarandi fólksfækkun.*[7]

## 1.6 Jafnrétti

Mikill munur á fjölda karla og kvenna í samfélagi er af mörgum, leikum og lærðum, talinn veikleiki samfélagsins og takmarkandi fyrir þróun þess. Því séu jafnréttismál mikilvægt byggðamál. Þennan kynjahalla má lesa úr mannfjöldatölum margra sveitarfélaga, t.d. úr myndinni af þróun íbúafjöldans í Dalabyggð hér að ofan. Brottflutningur kvenna úr dreifbýli er ekki séríslenskt fyrirbrigði og er t.d. viðfangsefni í ESPON-verkefni, *Rural migration, SEMIGRA.*[8]




Hlutföll kynjanna í íbúafjölda Vesturlands hafa sveiflast nokkuð á tímabilinu 1998-2014, hlutur karla fór vaxandi á árunum fyrir hrun en síðan hefur dregið saman með kynjunum.

Athygli vekur að hlutur beggja kynja yfir fimmtugu

---

[6] http://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/Samfelag/3.Vesturland.pdf

[7] www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/Samfelag/Samfelag_atvinnulif_og_ibuathroun_skyrslan_i_heild.pdf

[8] http://www.espon.eu/main/Menu_Projects/Menu_TargetedAnalyses/semigra.html

Mynd 1.6.2 Konur, fjöldi eftir aldurshópum 1998, 2006 og 2014




Mynd 1.6.3 Konur, fjöldi sem hlutfall af fjölda karla eftir aldurshópum 1998, 2006, 2014




er vaxandi frá 1998 og í aldurshópnum milli tvítugs og þrítugs. Þetta virðist vera frávik frá tilhneigingu sem gætir í öðrum landshlutum, nema á áhrifasvæði höfuðborgarinnar, þar sem þessi virki aldurshópur í atvinnulífi og barneignum fer minnkandi og það hefur verið túlkað sem merki um stöðnun. Sama má segja um kynjahalla, að skipting aldurshópa eftir kyni er mikilvægur kvarði. Hann byggist á fólksfjöldatölum Hagstofu Íslands og uppfærist ár hvert.

Á korti Nordregio á mynd 1.6.4 eru kynjahlutföll sýnd eftir sveitarfélögum árið 2014. Landsmeðaltalið var 99,4 konur á hverja 100 karla og Eyja- og Miklaholtshreppur nokkuð yfir því og Grundarfjörður aðeins yfir því líka. Stykkishólmur var rétt undir landsmeðaltali, Borgarbyggð og Snæfellsbær neðar, þá Dalabyggð og Skorradalshreppur og Helgafellssveit með færri en 84 konur á hverja 100 karla.

Mynd 1.6.4




Sveitarfélög á Vesturlandi hafa flest samþykkt jafnréttisáætlanir, Dalabyggð,[9] Borgarbyggð,[10] Grundarfjarðarbær,[11] Hvalfjarðarsveit,[12] Snæfellsbær,[13] Stykkishólmur[14] og margar stofnanir sveitarfélaganna.

## 1.7 Búferlaflutningar

Fækkun íbúa skýrist annars vegar af miklum brottflutningi fólks á undanförnum áratugum og hins vegar af aldurssamsetningu íbúa sem er orðin þannig að ekki er veruleg náttúruleg fjölgun. Fram til aldamóta voru brottfluttir fleiri en aðfluttir en stöðugt dró úr mun á brott- og aðfluttum. Árin 2000

[9] http://www.dalabyggd.is/stjornsysla/jafnrettisaaetlun/jafnrettisaaetlun/
[10] http://www.borgarbyggd.is/Files/Skra_0029509.pdf
[11] http://www.grundarfjordur.is/Files/Skra_0015926.pdf
[12] http://www.hvalfjardarsveit.is/Files/Skra_0047250.pdf
[13] http://snb.is/wp-content/uploads/2013/12/Jafnr%C3%A9ttis%C3%A1%C3%A6tlun-Sn%C3%A6fellsb%C3%A6jar.pdf
[14] http://www.stykkisholmur.is/Files/Skra_0042164.pdf

og 2001 voru aðfluttir fleiri en síðan komu þrjú ár með meiri brottflutningi en aðflutningi. Næstu fjögur ár varð mjög sveiflukenndur vöxtur en mjög mikill brottflutningur árið 2009. Árin 2010 til 2012 voru brottfluttir um 100 fleiri en aðfluttir á ári en árið 2013 var munurinn óverulegur. Rúmlega 1.200 manns hafa flutt brott umfram aðflutta frá Vesturlandi síðustu 20 ár og er fjöldi brottfluttra umfram aðflutta sýndur á mynd 1.7.1.

**Mynd 1.7.1 Mismunur brottfluttra og aðfluttra á Vesturlandi 1994-2013**



# 2. Menntun

## 2.1 Skipting íbúa eftir menntun

Til þess að greina skiptingu íbúa í landshlutunum eftir menntun fékk Byggðastofnun fyrirtækið Capacent til að taka saman tölur úr gögnum sínum. Capacent spyr í ýmsum könnunum um menntun og því telst upplýsingagrunnurinn vera marktækur þó þurft hafi að fara aftur til 2011 til þess að fá marktækt úrtak.

Eins og í öðrum tölum fyrir landsmeðaltal vegur hlutur höfuðborgarsvæðisins afar þungt. Samanburður leiðir í ljós að íbúar á Vesturlandi með próf úr grunnskóla eða minni menntun eru fleiri en eru að landsmeðaltali. Fleiri konur en að landsmeðaltali hafa lokið starfsnámi í framhaldsskóla og fleiri karlar hafa lokið iðnnámi en að meðaltali á landinu. Heldur fleiri Vestlendingar hafa lokið stúdentsprófi en meðaltalið er fyrir landið en mun færri Vestlendingar hafa lokið háskólaprófi. Athygli vekur að hærra hlutfall kvenna en karla á Vesturlandi hefur stúdentspróf og að hlutur kvenna með stúdentspróf á Vesturlandi er yfir meðallagi á landinu. Þá hefur mun hærra hlutfall karla en kvenna lokið iðn- og verknámi og meistaraprófi.

**Mynd 2.1.1 Hlutfallsskipting íbúa 18 ára og eldri 2011-2012 eftir menntun**

**Heimild: Capacent**

| **Karlar** | Grunnskólapróf eða minna | Starfsnám í framhaldsskóla | Stúdentspróf | Iðnnám/verknám/meistarapróf | Grunnnám í háskóla | Framhaldsnám í háskóla | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Vesturland | 34% | 2% | 14% | 37% | 10% | 3% | 100% |
| Landið | 22% | 3% | 14% | 31% | 19% | 10% | 99% |
| **Konur** | | | | | | | |
| Vesturland | 36% | 11% | 21% | 8% | 19% | 4% | 100% |
| Landið | 27% | 6% | 19% | 9% | 27% | 11% | 99% |

**Mynd 2.1.2 Hlutfallsskipting karla 18 ára og eldri 2011-2012 eftir menntun**

**Heimild: Capacent**




**Mynd 2.1.3 Hlutfallsskipting kvenna 18 ára og eldri 2011-2012 eftir menntun**

**Heimild: Capacent**




## 2.2. Háskólar, framhaldsskólar og símenntunarmiðstöðvar

Tveir skólar á háskólastigi eru á Vesturlandi, á Hvanneyri og Bifröst í Borgarfirði. Þá er starfandi háskólasetur í Stykkishólmi, Rannsóknasetur Háskóla Íslands. Framhaldsskólar á Vesturlandi eru á Akranesi, Grundarfirði og í Borgarnesi og Símenntunarstöð Vesturlands er í Borgarnesi.

Háskólasetur og útibú má flokka sem þekkingarsetur, starfsstöðvar af ýmsu tagi með langmenntuðu starfsfólki sem er að finna í öllum landshlutum. Aðgengi að menntun, símenntun og starfsendurhæfingu er talin ein forsenda fyrir nýsköpun. Syðsti hluti Vesturlands er í þjónustu- og

vinnusókn höfuðborgarinnar og mikið framboð þar af framhalds- og háskólum, auk háskólanna í Borgarfirði.

Mynd 2.2.1




## 2.3 Starfafjöldi á þekkingarsetrum

Í áfangaskýrslu um þekkingarsetur á Íslandi sem lögð var fram árið 2010 af Mennta- og menningarmála-ráðuneytinu voru skilgreind þekkingarsetur í hverjum landshluta utan höfuðborgarsvæðisins og starfafjöldi þeirra. Starfsemi af þessu tagi er talin mikilvæg fyrir nýsköpun og starfafjöldi því mikilvægur kvarði. Starfafjöldinn sem settur er hér fram sem kvarði byggist á samantekt skýrslunnar. Hann er þó gallaður að því leyti að á svæðunum eru fleiri stofnanir starfandi sem byggja á þekkingarstarfi til þjónustu, stoðstofnanir og að höfuðborgarsvæðið er ekki með. Þennan kvarða þarf því að þróa en samt telst hann gagnast í stöðumati í samanburði svæða utan höfuðborgarsvæðisins.

**Mynd 2.3.1 Fjöldi stöðugilda á þekkingarsetrum á hverja 100 íbúa 2009**

**Heimild: Áfangaskýrsla MMR 2009**




Samanburður sýnir að stöðugildi á hverja 100 íbúa á Vesturlandi eru yfir meðallagi miðað við aðra landshluta utan höfuðborgarsvæðisins. Þó eru skólar, t.d. háskólarnir í Borgarfirði, ekki taldir með.

Skýrsluna frá 2010 uppfærðu fulltrúar Mennta- og menningarmála- og Fjármála- og efnahagsráðuneyta í stýrineti stjórnarráðsins í vinnuskjali árið 2012 undir heitinu *Þekkingarsetur og stoðstofnanir, samantekt eftir landshlutum*.[15] Ýmis landshlutasamtök sveitarfélaga hafa gert athugasemdir við uppfærðu skýrsluna. Á vegum Byggðastofnunar er unnið að greiningu á fjölda og staðsetningu ríkisstarfa og munu niðurstöður leiða til endurskoðunar á skýrslunni. Samt er hér birt úr henni eftirfarandi skrá yfir setur, stofnanir og verkefni á Vesturlandi:

[15] http://www.stjornarrad.is/media/sl/Thekkingarsetur-og-stodstofnanir.pdf

## Tafla 2.3.2 Skrá yfir þekkingarsetur

| **Starfsemi** | **Staður** | **Gerð** | **Starfsmenn** | **Stöðugildi** |
|---|---|---|---|---|
| Menningarráð Vesturlands | Borgarnes | Samningur | 1 | 1 |
| Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi | Borgarnes | Sjálfseignastofnun | 6 | 6 |
| SSV – atvinnuráðgjöf | Borgarnes | Samtök sveitarfélaga | 6 | 5,1 |
| Vaxtarsamningur Vesturlands | Borgarnes | Annað | 1 | 1 |
| SSV – atvinnuráðgjöf | Ólafsvík | Samtök sveitarfélaga | 2 | 2 |
| Náttúrustofa Vesturlands | Stykkishólmur | Stofnun | 7 | 3,9 |
| Safnahús Borgarfjarðar | Borgarnes | Stofnun | 7 | 5 |
| Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla | Stykkishólmur | | 2 | 2 |
| Byggðasafn Dalamanna | Búðardalur | Samtök sveitarfélaga | 0,1 | 0,1 |
| Landnámssetur Íslands | Borgarnes | Hlutafélag | 33 | 17 |
| Búnaðarsamtök Vesturlands | Hvanneyri | Annað | 25 | 14 |
| **Starfsemi** | **Staður** | **Gerð** | **Starfsmenn** | **Stöðugildi** |
| Landbúnaðarsafn Íslands | Hvanneyri | Sjálfseignarstofnun | 2 | 0,8 |
| Landgræðslan, Héraðssetur | Hvanneyri | Stofnun | 2 | 2 |
| **Starfsemi** | **Staður** | **Gerð** | **Starfsmenn** | **Stöðugildi** |
| Veiðimálastofnun, Hvanneyri | Hvanneyri | Stofnun | 2 | 2 |
| Skógrækt Ríkisins, Vesturlandi | Hreðavatn | Stofnun | 5 | 5 |
| Snorrastofa | Reykholt | Sjálfseignastofnun | 9 | 6,7 |
| Fornleifavernd | Stykkishólmur | Stofnun | 1 | 1 |
| Háskólasetur Snæfellsness | Stykkishólmur | Stofnun | 3 | 3 |
| Átthagastofa Snæfellsbæjar | Ólafsvík | Félag | 2 | 1,7 |
| Byggðasafn Snæfellsbæjar | Ólafsvík | Annað | 1 | 1 |
| Hafrannsóknastofnunin | Ólafsvík | Stofnun | 3 | 3 |
| Vör - Sjávarrannsóknasetur við Breiðafjörð | Ólafsvík | | 8 | 5,4 |
| Sjóminjasafnið Hellissandi | Hellissandur | Sjálfseignastofnun | 1,5 | 0,5 |
| Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull | Hellissandur | Stofnun | 7 | 3 |

# 3. Efnahagsþróun

## 3.1 Tekjur

Útsvarsstofn sveitarfélaga byggist á heildaratvinnutekjum einstaklinga og sé hann reiknaður á hvern íbúa sveitarfélags telst hann lýsa tekjum á mann, sem annars er erfitt að afla upplýsinga um. Útsvarsstofninn byggist þó aðeins á launatekjum og nær t.d. ekki yfir fjármagns- og leigutekjur. Upplýsingar um úrsvarsstofninn eru fengnar frá Ríkisskattstjóra og hér í gegnum Samband íslenskra sveitarfélaga. Útsvarsstofn á íbúa telst þannig vera marktækur og mikilvægur kvarði sem uppfærist árlega og getur lýst tekjum og tekjuþróun eftir landshlutum á sambærilegan hátt. Tekjuþróunin á Vesturlandi er sýnd einfölduð á línuritinu í samanburði við landsmeðaltal. Útsvarsstofninn er sýndur á verðlagi ársins 2013 á hvern íbúa í landshlutanum og því fæst þróunin á einfaldan og samanburðarhæfan hátt.

Mynd 3.1.1 Útsvarsstofn á íbúa á Vesturlandi og landsmeðaltal 2007-2013




Vesturland er talsvert undir landsmeðaltali allt þetta tímabil, dregur á landsmeðaltal eftir 2009 en síðan gliðnar bilið aftur. Af línuritinu má sjá að árið 2013 var útsvarsstofn mun lægri en hann var árið 2007, bæði að landsmeðaltali og á Vesturlandi og þar með tekjur einstaklinga.

**Mynd 3.1.2 Útsvarsstofn á íbúa eftir landshlutum 2007-2013**

| Útsvarsstofn á íbúa á verðlagi ársins 2013 í þús.kr. | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Höfuðborgarsvæðið | 4.115 | 3.771 | 3.295 | 3.109 | 3.185 | 3.233 | 3.289 |
| „Landsbyggð" | 3.435 | 3.141 | 2.888 | 2.807 | 2.907 | 2.964 | 3.013 |
| Suðurnes | 3.501 | 3.179 | 2.783 | 2.637 | 2.707 | 2.732 | 2.822 |
| **Vesturland** | **3.411** | **3.162** | **2.922** | **2.875** | **2.926** | **2.962** | **2.979** |
| Vestfirðir | 3.215 | 3.150 | 3.020 | 2.849 | 2.954 | 3.047 | 3.058 |
| Norðurland vestra | 2.980 | 2.871 | 2.771 | 2.702 | 2.742 | 2.855 | 2.914 |
| Norðurland eystra | 3.243 | 3.085 | 2.906 | 2.856 | 2.955 | 2.997 | 3.055 |
| Austurland | 4.458 | 3.455 | 3.170 | 3.105 | 3.327 | 3.378 | 3.389 |
| Suðurland | 3.283 | 3.094 | 2.815 | 2.753 | 2.876 | 2.966 | 3.007 |
| **Landsmeðaltal** | **3.859** | **3.537** | **3.144** | **2.998** | **3.084** | **3.135** | **3.189** |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, Hagstofa Íslands

## 3.2 Atvinnuleysi og atvinnuþátttaka

Atvinnuleysi á Vesturlandi var um 5 % á árunum 2009-2010 og um þremur prósentustigum undir landsmeðaltali. Dregið hefur úr atvinnuleysi milli áranna 2010 og 2012 um tæplega eitt prósentustig hvort ár og var atvinnuleysið helmingi minna en á landsvísu. Atvinnuleysi karla og kvenna hefur minnkað um tvö prósentustig frá því sem það var á árunum 2009 og 2010. Atvinnuleysi er mikilvægur kvarði fyrir áhersluþátt í þróun en líka er mikilvægt að horfa til fjöldaþróunar þess aldurshóps sem virkastur er á vinnumarkaði því að nokkru flytur atvinnulaust fólk milli landshluta eftir atvinnu eða á milli landa og þá minnkar staðbundið atvinnuleysi.

Hagstofan skilgreinir atvinnuþátttöku sem hlutfall vinnuafls af heildarmannfjölda. Vinnuafl samanstendur af starfandi og atvinnulausu fólki. Atvinnuleysi er hlutfall atvinnulausra af vinnuaflinu. Upplýsingar um atvinnuþátttöku eru einungis tiltækar fyrir höfuðborgarsvæðið annars vegar og svæðið utan höfuðborgarsvæðisins hins vegar. Atvinnuþátttaka var 80,7% á höfuðborgarsvæðinu árið 2012, en 80,3% utan þess. Atvinnuþátttaka kvenna var óbreytt á árunum 2008 til 2012 eða um 78%, en atvinnuþátttaka karla lækkaði úr 87 % í 83 % á sama tímabili.

Hlutfall fólks á aldrinum 20-39 ára af heildarmannfjölda á landinu hefur lækkað um 1,8 prósentustig á síðasta aldarfjórðungi en á Vesturlandi um 0,7 prósentustig. Eldri árgangar hafa stækkað, en landshlutinn hefur haldið yngri árgöngum betur en ýmsir aðrir landshlutar. Það á væntanlega einkum við um suðurhluta svæðisins

**Mynd 3.2.1 Atvinnuleysi á Vesturlandi karlar og konur**




**Mynd 3.2.2 Atvinnuleysi á Vesturlandi karlar**




**Mynd 3.2.3 Atvinnuleysi á Vesturlandi konur**




**Mynd 3.2.4 Hlutfall 20-39 ára af heildaríbúafjölda**



## 3.3 Nýskráning fyrirtækja, hlutfallsskipting framleiðslu og hagvöxtur

Upplýsingar um fyrirtæki og gengi þeirra liggja ekki á lausu og þá heldur ekki um nýstofnuð fyrirtæki. Helst er að styðjast við upplýsingar um nýskráningu fyrirtækja frá Hagstofu Íslands. Ljóst er að þær upplýsingar eru ekki fullkomnar, að öll fyrirtæki sem sett eru á laggirnar ná ekki inn á þá skrá. Hins vegar má ætla að svipað hlutfall nýrra fyrirtækja í landshlutunum séu skráð og samanburður því marktækur og besti kvarði sem völ er á. Beinn samanburður á fjölda nýskráðra fyrirtækja er þó hæpinn og hér er valið að miða hann við staðalinn 1.000 íbúa. Samanburðar á þeim grunni sýnir að nýskráð fyrirtæki á Vesturlandi fylgja landsmeðaltalinu nokkuð en hafa þó verið undir landmeðaltali.

**Mynd 3.3.1 Nýskráningar hlutafélaga og einkahlutafélaga á 1.000 íbúa 1999-2013**




**Mynd 3.3.2 Skipting framleiðslu eftir landshlutum og atvinnugreinum 2011.**

| | Höfuð-borgar-svæði | Lands-byggð | Suðurnes | Vestur-land | Vestfirðir | Norður-land vestra | Norður-land eystra | Austur-land | Suðurland | Landið allt |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Landbúnaður** | 6% | 94% | 1% | **11%** | 5% | 12% | 18% | 8% | 39% | 100% |
| **Sjávarútvegur** | 19% | 81% | 13% | **13%** | 8% | 5% | 13% | 14% | 15% | 100% |
| **Stóriðja, veitur** | 52% | 48% | 4% | **15%** | 2% | 2% | 6% | 15% | 5% | 100% |
| **Annar iðnaður** | 72% | 28% | 3% | **4%** | 1% | 2% | 7% | 4% | 7% | 100% |
| **Byggingar** | 54% | 46% | 10% | **4%** | 2% | 3% | 11% | 6% | 9% | 100% |
| **Verslun, hótel, veit., samgöngur** | 78% | 22% | 6% | **3%** | 1% | 1% | 4% | 2% | 4% | 100% |
| **Fjármálafyrirtæki og önnur þjónusta** | 77% | 23% | 4% | **3%** | 1% | 1% | 6% | 3% | 5% | 100% |
| **Opinber þjónusta** | 66% | 34% | 5% | **5%** | 2% | 2% | 9% | 4% | 7% | 100% |
| **Öll framleiðsla** | 66% | 34% | 5% | **5%** | 2% | 2% | 7% | 5% | 7% | 100% |

Heimild: Hagvöxtur landshluta 2004-2011

Um stöðu, þróun og mikilvægi atvinnugreina eftir landshlutum er helst að byggja á greiningum sem Hagfræðistofnun Háskóla Íslands hefur unnið í samstarfi við Byggðastofnun og hafa verið uppfærðar árlega. Þar kemur fram að um tveir þriðju hlutar landsframleiðslunnar verða til á svæði höfuðborgarinnar. Samanburður sem góður kvarði fyrir sóknaráætlun, fæst með mati á vægi atvinnugreina í hverjum landshluta og á milli landshluta eins og sýnt er á töflu fyrir alla landshluta, 3.3.2, og súluriti með samanburði á framleiðslu eftir atvinnugreinum á Vesturlandi og samanburði við landsmeðaltal. Þessi samanburður er mikilvægur með öðrum samanburði, t.d. á hagvexti landshlutanna. Þessar skýrslur byggja á tveggja ára gömlum talnagrunni og nýjustu skýrslu Byggðastofnunar og Hagfræðistofnunar, Hagvöxtur landshluta 2004-2011, má sjá á vef Byggðastofnunar.[16]

[16] www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/Hagvoxtur_landshluta_2004_-_2011.pdf.

Á súluritinu sést að Vesturland er talsvert undir landsmeðaltali í starfsemi verslana, hótela og fjármálafyrirtækja, en yfir því í landbúnaði og langt yfir í sjávarútvegi og þá sérstaklega í stóriðju og veitum. Upplýsingar um hagvöxt eftir landhlutum fást í sömu heimild og eru líka mikilvægur kvarði.




**Mynd 3.3.3 Skipting framleiðslu á atvinnugreinar 2011**

**Mynd 3.3.4 Hagvöxtur landshluta 2004-2011**

| | Höfuð-borgar-svæði | Lands-byggð | Suðurnes | Vesturland | Vestfirðir | Norðurland vestra | Norðurland eystra | Austurland | Suðurland | Landið allt |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **2004** | 10% | 2% | 2% | **4%** | -1% | 3% | -1% | 4% | 3% | 7% |
| **2005** | 4% | 15% | 18% | **11%** | 18% | 4% | 10% | 39% | 10% | 7% |
| **2006** | 8% | 3% | 7% | **4%** | -3% | -2% | -11% | 20% | 6% | 6% |
| **2007** | 7% | 6% | 21% | **1%** | -8% | 0% | 4% | 10% | 1% | 6% |
| **2008** | -1% | 6% | 6% | **9%** | 13% | 6% | 13% | -10% | 8% | 1% |
| **2009** | -7% | -8% | -12% | **-4%** | 0% | -4% | -9% | -16% | -5% | -8% |
| **2010** | -2% | -6% | -11% | **-6%** | -14% | -1% | -7% | 0% | -4% | -3% |
| **2011 bb** | 3% | 3% | 3% | **2%** | 0% | 1% | 3% | 4% | 3% | 3% |
| **'04-'11** | 11% | 18% | 32% | **18%** | 2% | 5% | 0% | 43% | 20% | 13% |
| **'07-'11** | -8% | -6% | -13% | **0%** | -3% | 2% | -1% | -22% | 1% | -7% |

**bb** – bráðabirgðatölur

Heimild: Hagvöxtur landshluta 2004-2011

Þær sýna sveiflukennt ástand síðustu ár en ná þó ekki vel til áranna eftir hrun.

Ljóst má þó vera að hrunið hefur ekki orðið eins harkalegt á Vesturlandi og á landinu að meðaltali þar sem höfuðborgarsvæðið vegur auðvitað þungt eins og í öðru landsmeðaltali.




**Mynd 3.3.5 Hagvöxtur á Vesturlandi og landsmeðaltal 2004-2011**

## 3.4 Fasteignaverð

Fasteignaverð er eitt af þeim viðmiðum sem lýsa efnahagslegri stöðu. Í könnun Byggðastofnunar frá vormánuðum 2014 er samanburður á heildarmati sömu fasteignar eftir nokkrum stöðum á landinu 2010 og 2014.[17] Það lýsir þannig verðmun sömu fasteignar eftir því hvar hún er og hvernig mat hefur breyst frá 2010. Á Vesturlandi var mat fasteignarinnar skoðað í Stykkishólmi, Grundarfirði, Akranesi og Borgarnesi og niðurstöður settar fram í súluriti og hér er gulur litur undir súlum þessara bæja til glöggvunar. Fram kemur að fasteignaverð á öllum stöðum er fremur hátt í samanburði við aðra staði á landinu, einkum á Akranesi og í Stykkishólmi. Í Stykkishólmi og Grundarfirði hefur það hækkað mikið á tímabilinu en lækkað í Borgarnesi.

Mynd 3.4.1 Heildar fasteigna- og lóðamat viðmiðunareignar 2010 og 2014




[17] http://www.byggdastofnun.is/is/utgefid-efni/grof-og-skrar

# 4. Samgöngur

## 4.1 Vegir, hafnir, flugvellir

Samkvæmt Samgönguáætlun 2011-2022 eru engir flugvellir á Vesturlandi og því ekkert daglegt áætlunarflug.

Helstu stofnvegir eru hringvegurinn norður um Holtavörðuheiði, Vestfjarðavegurinn um Bröttubrekku og Dali og vegurinn um Mýrar og Snæfellsnes. Fjallvegur á stofnvegaskrá er vegurinn um Kaldadal.

Milli byggða á Vesturlandi liggur stofnvegur á fjórum stöðum í meira en 200 m hæð yfir sjó, á Bröttubrekku, í 402 m.y.s., Vatnaleið, í 229 m.y.s., Fróðárheiði, í 361 m.y.s. og Svínadal, í 220 m y.s.

Á Vesturlandi eru sex hafnir í grunnneti samgöngukerfisins, ein vöruflutningahöfn, á Grundartanga, ein í flokki I, á Akranesi, þrjár í flokki II, meðalstórar fiskihafnir, á Grundarfirði, Ólafsvík og Rifi á Snæfellsnesi, ein í flokki III, bátahafnir, í Stykkishólmi og ein í flokki smábátahafna, flokki IV, á Arnarstapa.

Siglingastofnun miðar flokkun sína við að í höfnum í flokki I geti 100-150 metra löng flutningaskip athafnað sig.

**Mynd 4.1.1 Grunnnet samgangna**

**Kort frá Samgönguáætlun 2011-2022**




**Mynd 4.1.2 Stofnvegir**

**Kort frá Samgönguáætlun 2011-2022**




## 4.2 Almenningssamgöngur

Almenningssamgöngur eru áhersluþáttur í *Ísland 2020* og í kjölfar breytinga á áherslum innanríkisráðuneytisins 2011 gerðu samtök sveitarfélaga á Vesturlandi ásamt samtökum sveitarfélaga á Vestfjörðum, Norðurlandi vestra og eystra samning við Vegagerðina um fjárveitingu og Strætó bs. um margvíslega þjónustu, útboð og eftirlit. Samtökin buðu síðan út akstur og sömdu við verktaka um hann. Með þessu er komið samræmt leiða- og ferðakerfi áætlunarferða milli Reykjavíkur og Akureyrar um Akranes og Borgarnes og ferðir tengdar þeirri leið um sveitir Borgarfjarðar, norðanvert Snæfellsnes, til Búðardals og áfram til Hólmavíkur og Reykhóla. Þetta samræmda kerfi áætlunarferða er enn í þróun á Vesturlandi og horft til þess að það nái yfir skólaakstur í landshlutanum. Með góðum almenningssamgöngum

**Mynd 4.1.3**



breytast aðstæður fólks til að sækja félagslíf og – starf sem og skóla og vinnu og ekki síður fólks til sveita en þéttbýlisbúa. Rekstur og þróun þessa samræmda leiðakerfis áætlunarferða mun verða viðfangsefni landshlutasamtaka sveitarfélaga á komandi misserum og árum.

**Mynd 4.2.1 Strætókerfi vestur- og norðurhluta Íslands 2012**

**Kort Strætó bs.**



## 4.3 Fjarlægðir milli helstu þéttbýlisstaða

Vinnusóknarsvæði þéttbýlisstaða á Vesturlandi eru í grófum dráttum samfallandi við skiptingu landshlutans í fjögur undirsvæði, samkvæmt könnun Byggðastofnunar og atvinnuþróunar-félaganna. Suðursvæðið með Grundartanga og

**Mynd 4.3.1 Vegalengdir á Vesturlandi 2012**

**Heimild: Vegagerð ríkisins**

| Vegalengdir á bundnu slitlagi vegar | Frá Akranesi | Frá Borgarnesi |
|---|---|---|
| Akranes | | 38 |
| Borgarnes | 38 | |
| Hvanneyri | 46 | 14 |
| Kleppjárnsreykir | 66 | 33 |
| Grundartangi | 19 | 30 |
| Bifröst | 69 | 31 |
| Hellissandur | 176 | 138 |
| Rif | 173 | 135 |
| Ólafsvík | 166 | 129 |
| Grundarfjörður | 141 | 103 |
| Stykkishólmur | 136 | 98 |
| Búðardalur | 117 | 80 |
| Reykjavík | 49 | 74 |

**Mynd 4.3.2 Vegalengdir á Vesturlandi 2012**

**Heimild: Vegagerð ríkisins**




Akranes er á vinnusóknarsvæði Reykjavíkur, Borgarfjörður er á vinnusóknarsvæði Borgarness og vinnusóknarsvæði Bifrastar og Búðardals ná saman. Vinnusóknarsvæði Búðardals og Reykhóla ná saman og svæði þéttbýlisstaðanna á Snæfellsnesi. Í Borgarfirði eru margir skólastaðir og stutt á milli þeirra og milli Reykjavíkur og þéttbýlisstaða í Borgarfirði og á suðursvæðinu. Miðstöð Vesturlands liggur á þessu svæði með þjónustu, verslun og iðnað. Akranes er langstærsti

**Mynd 4.3.3**



þéttbýlisstaðurinn en vegalengdir frá Borgarnesi eru hins vegar styttri til flestra þéttbýlisstaða á Vesturlandi. Þetta er hér sýnt á töflu og í staflariti.
Stytting ferðatíma, vegstyttingar og aðrar samgöngubætur hafa áhrif á vinnu- og þjónustusókn og þar með á búsetuskilyrði og er því mikilvægur kvarði fyrir sóknaráætlanir.

## 4.4 Gagnaflutningar

Póst- og fjarskiptastofnun vinnur að greiningu á stöðu fjarskiptamála í einstökum landshlutum og von er á fyrstu niðurstöðum á fyrri hluta árs 2014. *Í Stöðugreining 2013 - Fylgirit með stefnumótandi byggðaáætlun 2014-2017*[18], bls. 40-42, er fjallað almennt um stöðu gagnaflutninga á landinu.

[18] http://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/stodugreining-2013-11-11.pdf.

# 5. Opinber þjónusta

## 5.1 Sjúkrahús og heilsugæsla

Heilbrigðisumdæmi Vesturlands er mun stærra en starfssvæði landshluta-samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi og svæði sóknaráætlunar fyrir landshlutann, nær norður á starfssvæði sveitarfélaga á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra.[19] Aðsetur Heilbrigðis-stofnunar Vesturlands og allra stjórnenda þess er á Akranesi. Þar er heilsugæslustöð og sjúkrahús með vaktþjónustu og heilsugæslustöðvar eru að auki í Borgarnesi, Stykkishólmi, Grundarfirði, Ólafsvík og í Búðardal með sjúkraskýli á Reykhólum Utan Vesturlands heyra heilsugæslu-stöðvarnar á Hvammstanga og Hólmavík með heilsugæslusel í Árnesi líka til Heilbrigðisumdæmi Vesturlands. Heilsugæslustöðvar virðast hafa mikil áhrif á mörk þjónustusókna.

Hjúkrunarrými fyrir aldraða eru á sömu stöðum og heilsugæslustöðvarnar en þó sérrekin nema í Stykkishólmi, á Hólmavík og Hvammstanga þar sem þau eru rekin í tengslum við heilsugæslustöðvarnar.




Mynd 5.1.1




Mynd 5.1.2

## 5.2 Löggæsla og sýslumaður

Á Vesturlandi er aðalskrifstofa sýslumanns í Stykkishólmi og lögreglustjóra í Borgarnesi.[20] Lögreglustöðvar eru á Akranesi, í Ólafsvík, Grundarfirði, Stykkishólmi og Búðardal. Sýsluskrifstofur eru Akranesi, í Borgarnesi, Ólafsvík, Stykkishólmi og Búðardal.




## 5.3 Héraðsdómur

Héraðsdómur Vesturlands hefur aðsetur í Borgarnesi og umdæmi hans nær yfir sveitarfélögin Akraneskaupstað,

[19] http://www.velferdarraduneyti.is/hbr/stofnanir/sjukrahus_og_heilbrigdisstofnanir/

[20] http://www.logreglan.is/logreglan/umdaemin/

Borgarbyggð, Dalabyggð, Eyja- og Miklaholtshrepp, Grundarfjarðarbæ, Helgafellssveit, Hvalfjarðarsveit, Skorradalshrepp, Snæfellsbæ og Stykkishólmsbæ.[21]

## 5.4 Rafveita og húshitun

Á Vesturlandi hafa Orkubú Reykjavíkur og Rarik sérleyfi til dreifingar raforku og kerfisstjórnunar. Hitaveitur með einkaleyfi sem störfuðu á Vesturlandi í janúar 2010 eru Orkuveita Reykjavíkur, Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar (sameinuð Orkuveitu Reykjavíkur 19. janúar 2010) og Rarik.

Af þeim fjórum þéttbýlisstöðum á Vesturlandi sem voru með í úttekt á kostnaði vegna húshitunar og raforkunotkunar, sem Byggðastofnun fékk Orkustofnun til að gera (sjá kafla 5.4 í *Stöðugreining 2013 - Fylgirit með stefnumótandi byggðaáætlun 2014-2017*), eru þrír þeirra fjórtánda til ellefta sæti þéttbýlisstaða með lægstan orkukostnað. Þar var orkukostnaður viðmiðunarfasteignar frá rúmlega 12% til tæplega 12% hærri en í þeim þéttbýlisstað sem bjó við lægsta kostnaðinn í úttektinni. Sá fjórði, Grundarfjörður, er hins vegar með hæsta orkukostnað þéttbýlisstaða í úttekt Orkustofnunar. Á þessum stöðum er hitaveita notuð til húshitunar nema í Grundarfirði þar sem rafmagn er notað til húshitunar.

Orkukostnaður í dreifbýli á Vesturlandi og annarra dreifbýlissvæða á dreifisvæði Rarik er sá hæsti utan þéttbýlisstaða í úttekt Orkustofnunar (sjá kafla 5.4 í *Stöðugreining 2013 - Fylgirit með stefnumótandi byggðaáætlun 2014-2017.*) Þar munar mest um sérstaka dreifbýlisgjaldskrá vegna orkudreifingar utan þéttbýlis.

**Mynd 5.4.1 Orkukostnaður heimila á nokkrum þéttbýlisstöðum á Vesturlandi og í dreifbýli**

**Miðað er við gjaldskrá 1. janúar 2013**

| Staður | Hitaveita Fjarvarmav. kr/ári | Rafhitun kr./ári | Hitaveita/Rafhitun kr./ári | Rafmagn Almenn notkun kr/ári | Samtals rafmagn og hiti kr/ári | Samtals rafmagn og hiti kr/ári |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Dreifbýli RARIK | | 217.063 | 217.063 | 103.059 | 320.123 | |
| Grundarfjörður | | 187.133 | 187.133 | 77.553 | 264.686 | |
| OR meðaltal dreifbýli | 126.416 | | 126.416 | 103.059 | 229.475 | |
| Hitaveita dreifbýli Vesturland | 107.813 | | 107.813 | 103.059 | 210.873 | |
| Akranes | 91.526 | | 91.526 | 72.711 | 164.237 | |
| Stykkishólmur | 85.816 | | 85.816 | 77.553 | 163.369 | |
| Borgarnes | 85.816 | | 85.816 | 77.553 | 163.369 | |

*Heimild: Orkustofnun*

## 5.5 Opinber störf

Eftir bankahrunið, haustið 2008, fækkaði störfum ríkisins víða á landinu. Greinargerð sem Hagfræðistofnun Háskóla Íslands vann fyrir Byggðastofnun[22], *Breytingar á fjölda ríkisstarfsmanna í kjölfar efnahagshrunsins*, var gerð opinber í apríl 2013. Þar er fjallað um árin frá hruni til 2011 og þar kemur fram að ríkisstörfum fækkaði á Vesturlandi. (Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur sett fram athugasemdir við skýrsluna.) Í samantekt um svæðið segir í skýrslunni:

„Fyrir Vesturland í heild sinni og sveitarfélögin Akranes og Borgarbyggð er hægt að álykta að niðurskurður hins opinbera hafi átt þátt í fólksfækkun og auknu atvinnuleysi á svæðinu eftir

[21] http://www.domstolar.is/vesturland

[22] http://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/breyting-a-fjolda-rikisstarfsmanna.pdf

bankahrunið. Ljóst er þó að margir aðrir þættir áttu hlut að máli. Ef horft er á atvinnuáhrifin ein og sér hefur niðurskurður hjá ríkinu varla haft mikið að segja, en erfitt er að meta áhrif skertrar þjónustu á búsetu í þessum landshluta… Mest fækkaði ársverkum hjá ríkinu í Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri, Fjölbrautaskóla Vesturlands, Sýslumanninum á Akranesi og starfsstöð Heilbrigðisstofnunar Vesturlands á Akranesi.“

Í skýrslunni eru ríkisstörf á Vesturlandi sett fram á skrá sem sýnd er hér til hliðar til samanburðar milli ára.

**Mynd 5.5.3 Staðsetning ríkisstarfa 2014**

**Mynd 5.5.1 Ríkisstörf á Vesturlandi 2007 og 2011**

| | Fjöldi starfsm[anna] 2007 | 2011 | [Breyting] milli ára |
|---|---|---|---|
| *Menntamálaráðuneytið* | | | |
| Háskóli Íslands | 2 | 0,9[1] | -1,1 |
| Landbúnaðarháskóli Íslands | 122,5 | 106,4 | -16,1 |
| Fjölbrautarskóli Vesturlands | 64,7 | 59,1 | -5,6 |
| Fjölbrautaskóli Snæfellinga | 22,2 | 29 | 6,8 |
| Menntaskóli Borgarfjarðar | 8,8 | 18,2 | 9,4 |
| Framhaldsfræðsla | 2,9 | 5,8 | 2,9 |
| Fornleifavernd ríkisins | 1 | 1 | 0 |
| *Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið* | | | |
| Fiskistofa | 3 | 2 | -1 |
| Matvælastofnun | 3 | 3 | 0 |
| Vesturlandsskógar | 3 | 2,4 | -0,6 |
| Veiðimálastofnun | 1 | 2,1 | 1,1 |
| Hagþjónusta landbúnaðarins | 0 | 2,9 | 2,9 |
| *Innanríkisráðuneytið* | | | |
| Héraðsdómstólar | 2 | 3 | 1 |
| Sýslumaðurinn á Akranesi | 21,6 | 17 | -4,6 |
| Sýslumaðurinn í Borgarnesi | 19,6 | 16 | -3,6 |
| Sýslumaður Snæfellinga | 18,2 | 16 | -2,2 |
| Sýslumaðurinn í Búðardal | 3 | 3 | 0 |
| Fangelsismálastofnun ríkisins | 10 | 10,9 | 0,9 |
| Vegagerðin | 34,6 | 33,1 | -1,5 |
| Rannsóknarnefnd sjóslysa | 2 | 2 | 0 |
| *Velferðarráðuneytið* | | | |
| Vinnueftirlit ríkisins | 1,8 | 1,8 | 0 |
| Heilsugæslustöðin Borgarnesi | 18,9 | 14,8 | -4,1 |
| Heilsugæslustöðin Ólafsvík | 0 | 6,9 | 6,9 |
| Heilsugæslustöðin Grundarfirði | 13,6 | 6 | -7,6 |
| Heilsugæslustöðin Búðardal | 0 | 5,7 | 5,7 |
| Heilbrigðisstofnunin Akranesi | 171,8 | 0 | -171,8 |
| St. Franciskusspítali Stykkishólmi | 0 | 37,4 | 37,4 |
| Heilbrigðisstofnun Vesturlands | 0 | 173,9 | 173,9 |
| Vinnumálastofnun | 3 | 4 | 1 |
| *Fjármálaráðuneytið* | | | |
| Ríkisskattstjóri/skattstofur | 13 | 12,2 | -0,8 |
| *Umhverfisráðuneytið* | | | |
| Umhverfisstofnun | 2 | 2 | 0 |
| Landgræðsla ríkisins | 1,2 | 2 | 0,8 |
| Landmælingar Íslands | 24,6 | 26 | 1,4 |
| Samtals | 595 | 625,6 | 31,5 |
| **Samtals eftir leiðréttingu** | | | **-20,9** |

[1] Tölur um ársverk Háskóla Íslands árið 2011 fyrir landsbyggðina skal taka með fyrirvara þar sem engin ársverk eru skráð á landsbyggðinni en aftur á móti eru óstaðsett ársverk 13. Ef ársverk landsbyggðarinnar eru lögð saman fyrir árið 2007 eru þau 28,7 talsins, því er hægt að áætla að ársverk HÍ á landsbyggðinni hafi fækka um 13, en óvíst er um staðsetningu þeirra. Því er fækkun á hverjum stað reiknuð út sem hlutfall af heildarfækkun ársverka á landsbyggðinni.

Heimild: Fjármálaráðuneytið og Ásgeir Ásgeirsson (2012 a)

Í skýrslu um störf á vegum ríkisins í Hagvísi Vesturlands nr. 1, 2013[23] er yfirlit yfir fjölda ríkisstarfsmanna eftir sveitarfélögum og það sett fram á mynd sem sýnd er hér á eftir.

[23] Vífill Karlsson: Hagvísir Vesturlands. Störf á vegum ríkisins á Vesturlandi, SSV 2013. http://ssv.is/Files/Skra_0064037.pdf

**Mynd 5.5.2 Fjöldi ríkisstarfsmanna 2013 eftir sveitarfélögum á Vesturlandi**




Heimild: Vífill Karlsson: Hagvísir Vesturlands. Störf á vegum ríkisins á

**Mynd 5.5.3 Staðsetning ríkisstarfa**




Í skýrslunni er líka að finna niðurstöður á könnun á fjölda ríkisstarfa á Vesturlandi sem voru 824 árið 2005 en hafði fækkað í 794 árið 2013, úr 55 störfum á hverja þúsund í búa árið 2005 í 52 árið 2013.

Athyglisvert er að starfafjöldi í Hagvísi Vesturlands eru ríkisstörf mun fleiri en í skýrslu Hagfræðistofnunar HÍ.

Flesta þætti ríkisstarfseminnar er að finna í Borgarnesi og á Akranesi eins og sést á töflunni hér til hliðar. Þar er sett fram niðurstaða úr könnun sem Samband sveitarfélaga á Vesturlandi vann í samráði við Byggðastofnun 2014. Önnur landshlutasamtök gerðu sams konar könnun, hver á sínu svæði, og heildarniðurstaða er sett fram á heimasíðu Byggðastofnunar.[24]

**Mynd 5.5.4**




[24] http://www.byggdastofnun.is/is/frettir/category/1/stadsetning-starfa-rikisins-1

# 6. Önnur þjónusta

## 6.1 Verslun

**Flokkun verslana**

Ef byggt er á flokkun Samkeppniseftirlitsins: *Verðþróun og samkeppni á dagvörumarkaði*, jan. 2012, (aðall. bls. 26) eru lágvöruverðsverslanir á Vesturlandi á Akranesi, í Borgarnesi og Stykkishólmi en stórmarkaðir og klukkubúðir og litlar matvörubúðir á mörgum þéttbýlisstöðum, sumar með mjög takmarkað vöruframboð.




**Mynd 6.1.1**

Lágvöruverðsverslanir eru mikilvægar fyrir skilgreiningu á þjónustusvæðum, svipað og heilsugæslustöðvar. Flokkunin er svofelld:

1. Lágvöruverðsverslanir:
   Bónus, Nettó, Krónan, Kaskó
2. Stórmarkaðir og almennar dagvöruverslanir
   Hagkaup, Nóatún, Samkaup úrval, Fjarðarkaup
3. Klukkubúðir
   Samkaup strax, 10-11
4. Litlar matvörubúðir
   Takmarkað vöruframboð. T.d. Kjarval, búðir í samrekstri við bensínstöðvar.

## 6.2 Ýmis þjónusta

Flesta starfsþætti þjónustu fyrirtækja á Vesturlandi er að finna á Akranesi og í Borgarnesi en margir eru einnig á Hellissandi/Ólafsvík eins og sést á töflunni á mynd 6.2.1. Hún sýnir niðurstöður könnunar sem SSV gerði 2014 í samráði við Byggðastofnun. Önnur landshlutasamtök gerðu sams konar könnun, hver á sínu svæði, og heildarniðurstaða er sett fram á heimasíðu Byggðastofnunar.[25] Fjöldi þjónustuþátta á ofangreindum stöðum er sambærilegur við mesta fjölda á stöðum í hverjum landshluta.

## 6.3 Ferðaþjónusta

Ferðaþjónusta er sú grein sem vaxið hefur mest um land allt. Í yfirliti Ferðamálastofu *Ferðaþjónusta á Íslandi í tölum – apríl 2014*[26] má á eftirfarandi töflu sjá fjölda gistirýma 2012-2013 eftir landshlutum. Fjöldi gistnótta er þó aðeins einn kvarði af mörgum til þess að mæla stöðu ferðaþjónustunnar og vitað er að ferðaþjónusta á Vesturlandi byggir mjög á orlofshúsum og þjónustu við þau. Fram kemur á töflunni að hlutur Vesturlands rýrnaði heldur frá 2012-2013, úr 771 í 768 gistinætur og að hluti landshlutans af heildarfjölda gistinótta á landinu var 7% árið 2013.

**Mynd 6.3.1 Fjöldi gistinótta á hótelum og gistiheimilum 2012-2013**

| | 2012 | | 2013 | | Breyting milli ára 2012-13 (%) |
|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi herbergja | % | Fjöldi herbergja | % | |
| Höfðuborgarsvæði | 3.584 | 35,0 | 3.997 | 36,2 | 11,5 |
| Suðurnes | 391 | 3,8 | 465 | 4,2 | 18,9 |
| Vesturland | 771 | 7,5 | 768 | 7,0 | -0,4 |
| Vestfirðir | 444 | 4,3 | 513 | 4,6 | 15,5 |
| Norðurland vestra | 505 | 4,9 | 536 | 4,9 | 6,1 |
| Norðurland eystra | 1.521 | 14,9 | 1.516 | 13,7 | -0,3 |
| Austurland | 1.232 | 12,0 | 1.253 | 11,3 | 1,7 |
| Suðurland | 1.781 | 17,4 | 2.002 | 18,1 | 12,4 |
| Samtals | 10.229 | 100 | 11.050 | 100 | 8,0 |




**Mynd 6.2.1 Staðsetning þjónustustarfa fyrirtækja 2014**

[25] http://www.byggdastofnun.is/is/frettir/category/1/stadsetning-thjonustustarfa-fyrirtaekja.
[26] http://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/Frettamyndir/2014/november/ferdatjonusta_itolum_april14.pdf

# 7. Iðnaður

## 7.1 Landbúnaðarafurðir

Vísað er í kafla 7.1 í *Stöðugreining 2013 - Fylgirit með stefnumótandi byggðaáætlun 2014-2017* þar sem fjallað er um framleiðslu og neyslu á innlendum kjöt- og mjólkurafurðum. Gögn þar að lútandi eru ekki tiltæk fyrir hvern landshluta heldur lýsa þau einungis landinu sem heild.

7.2 Sjávarafurðir

Svæðisgreindar upplýsingar er ekki að finna.

7.3 Byggingariðnaður

Svæðisgreindar upplýsingar er ekki að finna.

7.4 Annar iðnaður

Svæðisgreindar upplýsingar er ekki að finna.

# 8 Frumvinnsla

## 8.1 Landbúnaður

### Fjöldi bújarða og landnýting

Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands voru bújarðir, þ.e. býli þar sem stundaður er landbúnaður, samtals 359 á Vesturlandi árið 2010. Heildarflatarmál lands sem nýtt er undir landbúnað á Vesturlandi er um 2.275 km$^2$, sem eru tæp 24% heildarflatarmáls landshlutans. Meðalstærð nýtts lands reiknast því rúmir 630 hektarar á bújörð.

Bróðurpartur nýtts landbúnaðarlands eru engi og úthagi, tæp 93%, sem nýtt eru til beitar. Tún og nýræktir eru tæp 7% og aðrir flokkar samanlagt um 0,6%, að mestu land undir grænfóður og kornrækt ásamt minni hlutdeild landrýmis annarra minni flokka.

**Tafla 8.1.1 Hektarar nýtts landbúnaðarlands og fjöldi bújarða á Vesturlandi 2010**

| | |
|---|---|
| Fjöldi bújarða | 359 |
| Engi og úthagi | 210.586 |
| Tún alls | 15.584 |
| Grænfóður | 427 |
| Kornrækt | 547 |
| Fóðurrófur og kál | 118 |
| Hvíldarland | 190 |
| Annað land | 42 |
| Alls | 227.494 |
| Meðalstærð nýtts lands bújarða | 634 |

Heimild: Hagstofa Íslands




### Fjöldi búpenings

Þróun í fjölda búpenings frá 1998 til 2012 fyrir sjö tegundir má sjá á mynd 8.1.3. Þar er fjöldinn teiknaður upp sem prósenta af upphafsfjöldanum. Það sem vekur fyrst eftirtekt er mikil fjölgun svína, um tæp 85% í lok tímabilsins, og fækkun minka og refa niður í ekki neitt. Einnig er fækkun varphænsna um rúm 54% eftirtektarverð. Aðrar tegundir hafa verið nokkuð stöðugar þó að lítilsháttar fækkun hafi átt sér stað. Hrossum hefur fækkað um tæp 8%, sauðfé hefur fækkað um tæp 9% og nautgripum hefur fækkað um tæp 13%.




**Tafla 8.1.4 Fjöldi búpenings á Vesturlandi 1998 - 2012**

| | Nautgripir | Sauðfé | Hross | Varphænsni | Svín | Minkar | Refir |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1998 | 10.103 | 88.614 | 10.800 | 3.803 | 321 | 1.406 | 104 |
| 1999 | 10.056 | 87.887 | 10.440 | 1.653 | 373 | 336 | 44 |
| 2000 | 9.777 | 82.679 | 10.077 | 4.492 | 194 | 340 | 7 |
| 2001 | 9.269 | 82.647 | 9.911 | 1.221 | 770 | 445 | - |
| 2002 | 8.757 | 81.455 | 8.599 | 1.372 | 586 | - | 1 |
| 2003 | 8.704 | 79.852 | 9.249 | 1.371 | 652 | - | - |
| 2004 | 8.424 | 79.470 | 9.623 | 1.628 | 624 | - | 1 |
| 2005 | 8.589 | 78.027 | 9.525 | 1.721 | 623 | - | - |
| 2006 | 8.835 | 76.977 | 9.721 | 421 | 644 | - | - |
| 2007 | 8.756 | 75.907 | 9.503 | 1.430 | 649 | - | - |
| 2008 | 9.136 | 75.776 | 9.416 | 1.602 | 647 | - | - |
| 2009 | 9.494 | 78.158 | 9.756 | 1.600 | 568 | - | - |
| 2010 | 9.432 | 81.541 | 9.522 | 516 | 583 | - | - |
| 2011 | 8.998 | 79.918 | 9.893 | 1.768 | 581 | - | - |
| 2012 | 8.820 | 80.988 | 9.954 | 1.738 | 593 | - | - |

Heimild: Hagstofa Íslands

**Greiðslumark sauðfjár og mjólkur eftir sveitarfélögum**

Hlutfall greiðslumarks mjólkur og sauðfjár á Vesturlandi af greiðslumarki alls landsins árið 2013 var 12% fyrir mjólk og 15% fyrir sauðfé. Greiðslumark mjólkur á Vesturlandi minnkaði milli áranna 2010 og 2013 um 5,1% og greiðslumark sauðfjár minnkaði um 0,79%. Til samanburðar var samdráttur í greiðslumarki mjólkur fyrir landið allt 0,22% milli áranna 2010 og 2013 en greiðslumark sauðfjár hélst óbreytt.

Á Vesturlandi var Borgarbyggð með langmesta hlutdeild greiðslumarks mjólkur af greiðslumarki landshlutans árið 2013, 55%. Næst kom Hvalfjarðarsveit með 15% hlutdeild greiðslumarks mjólkur og þar á eftir kom Dalabyggð með 12% hlutdeild. Ef undan eru skilin þau tvö sveitarfélög sem voru án greiðslumarks mjólkur árið 2013 á Vesturlandi (Akraneskaupstaður og Stykkishólmsbær), var Skorradals-hreppur með lægsta hlutdeild mjólkur, 0,74%, þá Helgafellssveit með 1,5%, og þriðja lægsta var Grundafjarðarbær með 2,6% hlutdeild. Mesta hlutdeild greiðslumarks sauðfjár af heildar greiðslumarki landshlutans árið 2013 hafði Dalabyggð með 44%, þá Borgarbyggð með 37% og Hvalfjarðarsveit í þriðja sæti með hlutdeild greiðslumarks sauðfjár, 8,4%. Að undanskildum Akraneskaupstað, sem var án greiðslumarks sauðfjár árin 2010 og 2013, var Stykkishólmsbær með minnstu hlutdeild greiðslumarks sauðfjár á Vesturlandi, 0,32%, næst kom Grundarfjarðarbær með 0,86% og þriðja lægsta sveitarfélagið var



**Mynd 8.1.5**



**Mynd 8.1.6**

Skorradalshreppur með 1,0% hlutdeild. Eyja- og Miklaholtshreppur var eina sveitarfélagið á Vesturlandi þar sem greiðslumark mjólkur jókst milli áranna 2010 og 2013, um 2,1%. Í fjórum sveitarfélögum lækkaði það meira en sem nam 0,22% lækkun landsins alls. Mest var hlutfallslækkunin í Skorradalshreppi, 24%.



Mynd 8.1.7

Í Helgafellssveit, einu sveitarfélaga, jókst greiðslumark sauðfjár milli áranna 2010 og 2013 um 3,4%. Í fimm sveitarfélögum lækkaði greiðslumark sauðfjár. Hlutfallslega mest í Stykkishólmsbæ, um 20%.



Mynd 8.1.8

**Tafla 8.1.9 Greiðslumark sauðfjár og mjólkur á Vesturlandi 2010 og 2013**

| Númer | Sveitarfélag | Greiðslumark mjólkur | | | Greiðslumark sauðfjár | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 2010 | 2013 | Breyting | 2010 | 2013 | Breyting |
| 3000 | Akraneskaupstaður | 0 | 0 | 0,00% | 0,0 | 0,0 | 0,00% |
| 3506 | Skorradalshreppur | 133.562 | 101.917 | -23,69% | 558,0 | 558,0 | 0,00% |
| 3511 | Hvalfjarðarsveit | 2.112.790 | 2.108.250 | -0,21% | 4.749,9 | 4.597,1 | -3,22% |
| 3609 | Borgarbyggð | 8.129.640 | 7.611.570 | -6,37% | 20.381,6 | 20.304,3 | -0,38% |
| 3709 | Grundarfjarðarbær | 362.127 | 361.348 | -0,22% | 485,0 | 471,0 | -2,89% |
| 3710 | Helgafellssveit | 205.175 | 204.733 | -0,22% | 1.470,1 | 1.520,1 | 3,40% |
| 3711 | Stykkishólmsbær | 0 | 0 | 0,00% | 220,6 | 176,5 | -19,99% |
| 3713 | Eyja- og Miklaholtshreppur | 770.435 | 786.705 | 2,11% | 1.996,4 | 1.996,4 | 0,00% |
| 3714 | Snæfellsbær | 1.094.540 | 984.776 | -10,03% | 1.238,7 | 1.238,7 | 0,00% |
| 3811 | Dalabyggð | 1.770.970 | 1.677.110 | -5,30% | 24.132,1 | 23.932,1 | -0,83% |
| Vesturland | | 14.579.239 | 13.836.409 | -5,10% | 55.232,4 | 54.794,2 | -0,79% |

*Heimild: Bændasamtök Íslands, Matvælastofnun*

## 8.2 Fiskveiðar

Aflatölur fyrir aðrar tegundir en uppsjávarfisk eftir heimahöfn skipa sýna að heildarafli hefur minnkað nokkuð á bilinu 2003-2012, úr rúmum 78 þúsund tonnum í tæp 70 þúsund tonn árið 2012. Sjá mynd 8.2.1. Þar vegur þyngst minni afli skipa frá Akranesi, úr tæpum 30 þúsund tonnum í um 20 þúsund tonn. Einnig er nokkur samdráttur í Grundarfirði. Á móti kemur að afli skipa frá Rifi hefur vaxið talsvert, úr 9 þúsundum í meira en 16 þúsund tonn á árinu 2012.

Um afla helstu nytjastofna bolfisks, þorsks, ýsu, ufsa og karfa, má segja svipaða sögu og af heildaraflanum. Sjá mynd 8.2.2 og 8.2.3. Ætla má að aukning í þorski hafi mikið að segja fyrir útgerðir í landshlutanum þar sem afli í þorski er um

**Mynd 8.2.1 Afli eftir heimahöfn, allar tegundir nema uppsjávarfiskur (t)**




Heimild: Hagstofa Íslands - vigtarskýrslur

**Mynd 8.2.2 Afli eftir heimahöfn - þorskur, ýsa, ufsi og karfi (t)**




Heimild: Hagstofa Íslands - vigtarskýrslur

33 þúsund tonn af heildarafla upp á tæp 70 þúsund. Aukningar í þorskafla virðist þegar farið að gæta verulega og þá einkum hjá skipum á Rifi.

Tölur um ráðstöfun afla á Vesturlandi, mynd 8.2.4, sýna að um eða yfir helmingur aflans er unninn utan þeirrar verstöðvar þar sem skip er skráð. Árið 2012 voru það rúm 38 þús. tonn af tæplega 70 þúsund tonnum, eða 55,7% aflans. Þetta hlutfall hefur sveiflast nokkuð en verið að meðaltali rúm 52% síðastliðin 10 ár.

Af tölum um verkaðan afla annarra tegunda en uppsjávarfisks eftir verkunarstöðum á árunum 2003-2012 sést að eftir mikinn samdrátt í verkun á milli áranna 2003-2006 hefur aflinn verið svipaður þar til árið 2010 en vaxandi síðan. Sjá mynd 8.2.5. Mest var verkað á Grundarfirði, um 30% verkunar á árinu 2012, því næst á Akranesi, um 14%, í Stykkishólmi, um 15%, á Rifi, tæp 14%, á Hellissandi og Ólafsvík um 12,5% á hvorum stað og í Borgarnesi var verkað minnst, um 1,5% aflans árið 2012. Á mynd 8.2.5 er sýnt yfirlit yfir allan verkaðan afla, án tillits til þess hvort um er að ræða afla af heimaskipum eða ekki.

**Mynd 8.2.3 Afli eftir heimahöfn - þorskur (t)**




**Mynd 8.2.4 Vesturland - verkunarstaður afla skráðra skipa (t) (án uppsjávartegunda)**




**Mynd 8.2.5 Afli eftir verkunarstöðum, annar en afli uppsjávartegunda (t)**




Tölur yfir verkaðan afla annarra tegunda en uppsjávarfisks eftir verkunarstöðum á árunum 2003-2012 sýna að eftir mikinn samdrátt í verkun á milli áranna 2003-2006 hefur aflinn verið svipaður þar til árið

2010 en vaxandi síðan. Mest var verkað á Grundarfirði, um 30% verkunar á árinu 2012, því næst á Akranesi, um 14%, í Stykkishólmi, um 15%, á Rifi, tæp 14%, á Hellissandi og í Ólafsvík, um 12,5% á hvorum stað og í Borgarnesi var verkaður minnstur afli, um 1,5% aflans árið 2012.

Á mynd 8.2.6 má sjá að í flestum verstöðvunum er talsvert mikill afli fluttur á brott óverkaður úr landshlutanum eða honum er landað til verkunar utan heimahafnar. Þannig er á bilinu 4-14 þúsund tonn af afla skráðra skipa í hverri af stærri verstöðvunum fluttur til verkunar utan landshlutans, með þeirri undantekningu að jafnvægi er í afla og vinnslu í Stykkishólmi. Í heildina hefur „útflutningur“ sveiflast frá 30 til rúmlega 50 þúsund tonna árlega en fer minnkandi, einkum vegna þess að minni afli hefur verið sendur burt af

**Mynd 8.2.6 Verkaður afli að frádregnum afla skráðra skipa 2003-2012**
**Allar tegundir aðrar en uppsjávarfiskur (t)**



Heimild: Hagstofa Íslands:

**Mynd 8.2.7 Akranes - verkunarstaður afla skráðra skipa (t) (án uppsjávartegunda)**



Heimild: Hagstofa Íslands, ráðstöfunarskýrslu

**Mynd 8.2.8 Grundarfjörður - verkunarstaður afla skráðra skipa (t) (án uppsjávartegunda)**



Heimild: Hagstofa Íslands, ráðstöfunarskýrslur

**Mynd 8.2.9 Ólafsvík - verkunarstaður afla skráðra skipa (t) (án uppsjávartegunda)**



Heimild: Hagstofa Íslands, ráðstöfunar-skýrslur

**Mynd 8.2.10 Rif - verkunarstaður afla skráðra skipa (t) (án uppsjávartegunda)**



Heimild: Hagstofa Íslands, ráðstöfunar-skýrslur

skipum í Grundarfirði.

Tölur um ráðstöfun afla á Vesturlandi sýna að um eða yfir helmingur aflans er unninn utan þeirrar verstöðvar þar sem skip er skráð. Árið 2012 voru það rúm 38 þúsund tonn af tæplega 70 þúsund tonnum, eða 55,7% aflans. Þetta hlutfall hefur sveiflast nokkuð en verið að meðaltali rúm 52% síðastliðin 10 ár.

Misjafnt er eftir stöðum hvernig afli skráðra skipa viðkomandi staðar skiptist eftir verkunarleiðum eins og sjá má á myndum 8.2.7 til 8.2.11. Á Akranesi hefur vinnsla á staðnum orðið æ minni, niður í það að vera óveruleg í hlutfalli við afla hin síðustu ár. Þar er mjög hátt hlutfall aflans unnið um borð í skipum, eða um 60% frá árinu 2005.

Í Grundarfirði hefur verkun í heimahöfn haldist svipuð á milli ára í tonnum talið, þrátt fyrir að landaður afli skipa á staðnum hafi minnkað umtalsvert frá árunum 2005-2010. Í Ólafsvík er tiltölulega lítill hluti aflans verkaður á staðnum en heildarafli skipa nokkuð stöðugur frá árinu 2008. Rif sker sig nokkuð úr vegna vaxandi afla skráðra skipa en verkaður afli í heimahöfn hefur einnig vaxið jafnt og þétt á tímabilinu 2003-2012 og var um 26% árið 2012. Afli skipa úr Stykkishólmi hefur einnig vaxið frá árinu 2008 og er nú að nálgast það sem mest var árið 2004. Þar hefur vaxandi hluti aflans verið verkaður heima og var um 67% heildarafla árið 2012. Stykkishólmur sker sig úr að þessu leyti.

**Mynd 8.2.11Stykkishólmur - verkunarstaður afla skráðra skipa (t) (án uppsjávartegunda)**




Heimild: Hagstofa Íslands, ráðstöfunar-skýrslur

**Uppsjávartegundir**

Veiðar og verkun uppsjávartegunda eru á Vesturlandi nær eingöngu bundnar við Akranes ef frá er talin veiði og vinnsla á makríl frá árinu 2010. Af myndum 8.2.12 og 8.2.13 má sjá að stærstur hluti uppsjávarafla skráðra skipa á Akranesi fer til vinnslu utan heimahafnar en jafnframt að þar kemur til verkunar afli af skipum skráðum annars staðar. Þannig eru verkuð tæp 45 þúsund tonn árið 2012 en heimaskip lönduðu rúmlega 13 þúsund tonnum til vinnslu á Akranesi. Afli skipa úr öðrum höfnum undir lok tímabilsins kemur vart fram á myndinni þar sem hann er hlutfallslega lítill m.v. afla skipa frá Akranesi.

**Mynd 8.2.12 Afli eftir heimahöfn, uppsjávarfiskur (t)**




Heimild: Hagstofa Íslands , vigtarskýrslur

Eins og sjá má hefur verkun uppsjávarafla á Vesturlandi minnkað verulega ef miðað er við árin 2003 og 2004. Þetta á fyrst og fremst við verkun á Akranesi samanber ofanritað.

Þar sem Akranes ber höfuð og herðar yfir aðrar hafnir hvað varðar uppsjávarfisk, hafa tölur um verkun makríls verið skoðaðar sérstaklega í ljósi þess að aðilar annarra verstöðva hafa á síðustu árum beitt sér í veiðum og vinnslu á makríl.

Akranes er stærsta verkunarstöð makríls og Grundarfjörður næstur. Einnig eru veiðar og verkun vaxandi í Stykkishólmi, Rifi og í Ólafsvík, sjá mynd 8.2.14.

Makrílveiðar skipta vaxandi máli fyrir skip á Vesturlandi og fróðlegt er að sjá þróun veiða minni báta í þessu samhengi, það er að segja skipa annarra en togara og skipa með aflamark. Á mynd 8.2.15 má sjá makrílafla skipa eftir heimahöfn og þar kemur fram að veiðar minni skipa (báta) hafa á þremur árum vaxið úr engu í 565 tonn á árinu 2012.

Mynd 8.2.13 Akranes - verkunarstaður uppsjávarafla skráðra skipa (t)




Heimild: Hagstofa Íslands, ráðstöfunarskýrslur

Mynd 8.2.14 Vinnsla á makríl á Vesturlandi (kg)




Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 8.2.15 Makrílafli báta eftir heimahöfn (kg) (án togara og skipa með aflamark)




Heimild: Hagstofa Íslands

**Strandveiðar**

Margir bátar skráðir á Vesturlandi stunda strandveiðar svo sem sjá má á mynd 8.2.16. Samanburður á fjölda báta annars vegar og afla hins vegar, mynd 8.2.17, sýnir að aflinn er tiltölulega lítill í samanburði við afla annarra smábáta, þ.e. báta á aflamarki og krókaaflamarki. Þetta er í takti við þær takmarkanir sem gilda um sókn og dagsafla hjá strandveiðibátum.




**Mynd 8.2.16 Fjöldi smærri báta á Vesturlandi**

Heimild: Hagstofa Íslands: Vigtarskýrslur




**Mynd 8.2.17 Afli smærri báta á Vesturlandi (t)**

Heimild: Hagstofa Íslands:

Á myndum 8.2.18 og 8.2.19 má sjá að bátar frá vel flestum höfnum landshlutans stunda veiðarnar en samanlagður afli er mestur hjá bátum frá Grundarfirði og Ólafsvík. Löndun er einnig mest í Grundarfirði. Nokkuð samræmi virðist vera á milli afla eftir heimahöfn og lönduðum afla, það bendir til þess að strandveiðibátar í landshlutanum landi þar að mestu, þó eitthvað fari á milli hafna.




**Mynd 8.2.18 Strandveiðar eftir heimahöfn báta (t)**

Heimild: Hagstofa Íslands. Vigtarskýrslur (2013 - bráðabirgðatölur)




**Úthlutaðar aflaheimildir**

Myndir 8.2.20 og 8.2.21 sýna annars vegar úthlutun í þorski með sérstakri úthlutun (skelbótum o.fl.) og hins vegar úthlutun í ÞÍG með jöfnun (þ.m.t. bótum). Á fiskveiðiárunum 2012/2013 og 2031/2014 er jöfnun ekki með, einungis bætur. Ártal á við seinni hluta kvótaársins.

Á myndum 8.2.20 og 8.2.21 má sjá að heimildir landshlutans í þorski annars vegar og ÞÍG hins vegar hafa vaxið jafnt og þétt frá 1991 þó einhverjar minni sveiflur séu á milli ára. Hlutfall landshlutans af heimildum er nú rúm 16% í þorski og rúm 14% í ÞÍG. Af einstökum stöðum hefur Rif bætt mest við sig í úthlutun í þorski.






Á myndum 8.2.22 –8.2.25 má sjá að heimildir í uppsjávartegundum eru nær eingöngu bundnar við Akranes. Heimildir landshlutans í loðnu hafa minnkað úr rúmum 14% í tæp 9% frá árinu 1999 en hafa verið stöðugar síðastliðin ár. Akranes heldur hins vegar á tæpum 12% heimilda í kolmunna en minna í íslenskri síld og norsk-íslenskri síld.




8.2.23 Aflaheimildir í íslenskri sumargotssíld (t)
12.000
10.000
8.000
6.000
4.000
2.000
0
12,0%
10,0%
8,0%
6,0%
4,0%
2,0%
0,0%
1999-2000
2000-2001
2001-2002
2002-2003
2003-2004
2004-2005
2005-2006
2006-2007
2007-2008
2008-2009
2009-2010
2010-2011
2011-2012
2012-2013
2013-2014
Stykkishólmur
Rif
Ólafsvík
Hellissandur
Akranes
Hlutfall landshluta af heildarkvóta (%)
Heimild: Fiskistofa


Mynd 8.2.24 Aflaheimildir í kolmunna (t)
90000
80000
70000
60000
50000
40000
30000
20000
10000
0
16,0%
14,0%
12,0%
10,0%
8,0%
6,0%
4,0%
2,0%
0,0%
1999-2000
2001-2002
2003-2004
2005-2006
2007-2008
2009-2010
2011-2012
2013-2014
Stykkishólmur
Rif
Ólafsvík
Hellissandur
Akranes
Hlutfall landshluta af heildarkvóta (%)
Heimild: Fiskistofa


Mynd 8.2.25 Aflaheimildir í norsk-íslenskri síld (t)
18.000
16.000
14.000
12.000
10.000
8.000
6.000
4.000
2.000
0
12,0%
10,0%
8,0%
6,0%
4,0%
2,0%
0,0%
1999-2000
2000-2001
2001-2002
2002-2003
2003-2004
2004-2005
2005-2006
2006-2007
2007-2008
2008-2009
2009-2010
2010-2011
2011-2012
2012-2013
2013-2014
Stykkishólmur
Rif
Ólafsvík
Hellissandur
Akranes
Hlutfall landshluta af heildarkvóta (%)
Heimild: Fiskistofa

## 8.3 Fiskeldi

Sex fiskeldisstöðvar eru skráðar á Vesturlandi, allar litlar, með framleiðslu undir 85 tonnum.
Fjöldi starfsmanna við fiskeldi á Vesturlandi er um 10, höfuðborgarsvæðið þá talið með Vesturlandi, auk afleiddra starfa.

### Mynd 8.3.1 Fiskeldisstöðvar á Vesturlandi 2014

| staður | eldisfiskur | gerð | stærð, tonn |
|---|---|---|---|
| Hvalfjörður | kræklingur | | < 5 |
| Stykkishólmur | kræklingur | | 20 |
| Laxeyri og Húsafelli í Borgarfirði | lax | klakstöð, villt | 20 |

Heimild: Mast

# 9 Stoðkerfi

## 9.1 Stoðkerfi atvinnuþróunar og nýsköpunar

Hér er umfjöllun um stoðkerfi atvinnuþróunar og nýsköpunar takmörkuð við stuðning ríkisins við byggða- og atvinnuþróun. Sérstaklega er þó fjallað um vaxtar- og menningarsamninga í kafla 10. Ekki er fjallað um beinan stuðning við atvinnugreinar með eða án aðildar ríkisvaldsins.

**Samningur um atvinnu og byggðaþróun**

Átta landshlutasamtök sveitarfélaga og átta atvinnuþróunarfélög, þar af tvö á Norðurlandi eystra, sem í flestum tilvikum eru nátengd landshlutasamtökunum, hafa gegnt mikilvægu hlutverki við að koma stefnu ríkisins í byggðamálum í framkvæmd á landshlutavísu. Byggðastofnun og atvinnuþróunarfélög hafa gert samning og framlengt hann um árabil með fjármagni sem veitt er af fjárlagalið Byggðastofnunar.

Samningur Byggðastofnunar og Sambands sveitarfélaga á Vesturlandi[27] nær til starfssvæðis sambandsins, frá Hvalfjarðarbotni til Gilsfjarðarbotns, tíu sveitarfélaga sem aðild eiga að sambandinu, hefur gildistíma frá 2013 til ársloka 2017. Í honum er samband sveitarfélaganna nefnt *félagið* og þar segir í 1. gr. „Forsendur samningsins eru *lög um Byggðastofnun nr.106/1999* og *reglugerð um Byggðastofnun nr.347/2000,* stefnumótandi byggðaáætlun og Sóknaráætlun Vesturlands.“ Hlutverk sambands sveitarfélaga er samkvæmt þessu að samþætta áætlanir ríkis og landshlutans eins og fram kemur í 2. gr., um markmið samningsins, sem eru:

- Að skapa grundvöll um samstarf við byggðaþróun í samræmi við stefnu Alþingis í byggðamálum, með áherslu á búsetuskilyrði og samkeppnishæfni, nýsköpunar- og atvinnuþróunarstarf.
- Að samþætta áherslur ríkisins og sameiginlegar áherslur á starfssvæði félags m.a. í samræmi við Sóknaráætlun Vesturlands.
- Uppbygging og gagnkvæm miðlun þekkingar, reynslu og hæfni á sviði atvinnu- og byggðarþróunar milli samningsaðila.

Í 3. grein samningsins er skilgreining á hlutverki Sambands sveitarfélaga á Vesturlandi í stoðkerfinu, að það vinni m.a. að eftirtöldum verkefnum:

a) *Atvinnu- og byggðaþróun*
b) *Atvinnuráðgjöf*
*c) Nýsköpun*
*d) Búsetuþáttum*
*e) Upplýsingaöflun*
*f) Endurmenntun, samstarf o.fl.*

Í 6. grein samnings Byggðastofnunar og SSV segir m.a.:

„Félagið skal fyrir lok marsmánaðar ár hvert skila Byggðastofnun ársreikningi fyrir næstliðið ár, skýrslu um starfsemi félagsins á næstliðnu ári og starfsáætlun fyrir nýhafið ár.

Í starfsáætlun skal samþætta áherslur félagsins við forsendur og markmið samnings þessa sem fram koma í 1. og 2.gr. Í áætluninni skal gerð grein fyrir helstu markmiðum og áherslum á árinu, með hvaða hætti gert er ráð fyrir að vinna að þeim á árinu, starfsmannahaldi og ráðstöfun fjármuna sem til starfseminnar renna (fjárhagsáætlun). Í starfsáætlun skal félagið einnig setja fram almenn árangursmarkmið.“

[27] Byggðastofnun: Samningur um atvinnu og byggðaþróun.

Á grundvelli samningsins rekur SSV ráðgjafa- og þróunardeild.[28] Meginmarkmið SSV - þróunar og ráðgjafar er að taka þátt í að efla atvinnulíf í landshlutanum með beinum og óbeinum hætti:

- Rekstrarráðgjöf og hagkvæmnisúttektir.
- Upplýsingaöflun og upplýsingamiðlun.
- Greining á byggða- og atvinnumálum.
- Hafa frumkvæði að atvinnusköpun.
- Aðstoða við fjármögnun. (Lán og styrkir.)
- Efla almenna búsetu og búsetuskilyrði á svæðinu.
- Kynningarstarf á svæðinu.
- Námskeiðahald.

Samkvæmt samninginum um atvinnu- og byggðaþróun fékk SSV til ráðstöfunar um 19,2 milljónir króna á ári fyrir starfsárin 2012 og 2013.[29] Þessir fjármunir nýtast aðallega til reksturs starfseminnar.

## 9.2 Áætlanir ríkisins og samþætting þeirra

Við mótun Ísland 2020 stefnuskjalsins setti forsætisráðuneytið fram tillögu um einföldun, fækkun og samþættingu lögbundinna stefna og áætlana[30], þannig að unnar yrðu heildstæðar tillögur að breyttu skipulagi og aðferðarfræði við stefnumótun og áætlanagerð innan stjórnsýslunnar samhliða vinnu við gerð fjárfestingaáætlunar til langs tíma og sóknaráætlanir landshluta. Markmiðið með tillögunni var að bæta yfirsýn og bæta vinnubrögð m.a. með því að fækka lögbundnum stefnum og áætlunum, tengja stefnumótun og áætlanagerð ráðuneyta betur við undirbúning fjárlaga og tryggja að árangursmat og eftirlit sé alltaf fyrir hendi.

Tillögunum fylgdi eftirfarandi skrá yfir lögbundnar stefnur og áætlanir til samþættingar og einföldunar:

- Samgönguáætlun
- Samskiptaáætlun
- Byggðaáætlun
- Ferðamálaáætlun
- Heilbrigðisáætlun
- Löggæsluáætlun
- Skipulagsáætlun
- Orkustefna
- Menntastefna
- Velferð til framtíðar, stefnumörkun Íslands á sviði sjálfbærrar þróunar
- Netríkið Ísland, stefna um upplýsingasamfélagið
- Áætlun um eflingu sveitarstjórnarstigsins
- Rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða með áherslu á vatnsafl og jarðhitasvæði
- Þingsályktun í málefnum innflytjenda
- Þingsályktun í jafnréttismálum
- Þingsályktun í málefnum barna og ungmenna

## 9.3 Sóknaráætlun

Samningur um framkvæmd sóknaráætlunar Vesturlands 2013 var undirritaður af fjármálaráðherra og formanni Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi 22. mars 2013.[31] Þar er m.a. kveðið á um að til sóknaráætlunarinnar renni kr. 45,9 milljónir af fjárlagalið 09-992 á árinu 2013. Fjármunir til

---

[28] http://ssv.is/default.asp?sid_id=6327&tre_rod=001|001|&tId=1

[29] Byggðastofnun. Greiðslur til atvinnuþróunarfélaganna 2012 og 2013.

[30] http://www.forsaetisraduneyti.is/2020/tillogur/nr/4555

[31] http://www.stjornarrad.is/media/sl/Samningur_samtok-sveitarfelaga-a-vesturlandi_22.mars_2013.pdf

Sóknaráætlunar Vesturlands voru ákveðnir samkvæmt reiknireglu stýrinets stjórnarráðsins 2013.[32] Til viðbótar þessari fjárhæð koma mótframlög af Vesturlandi, samtals kr. 33,9 milljónir.

Af hálfu stýrinets stjórnarráðsins um sóknaráætlanir[33] var lögð áhersla á þrjá efnisflokka[34] fyrir sóknaráætlanir landshlutanna 2013:

- Atvinnumál og nýsköpun.
- Mennta- og menningarmál.
- Markaðsmál.

Í samningi Fjármála- og efnahagsráðuneytisins og Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum eru tilgreind 7 verkefni í þessum áhersluflokkum til útfærslu[35]:

1. *Beint frá býli – matarsmiðja*. Að opna matvælasmiðju í þeim tilgangi að bæta aðstöðu til matvælaframleiðslu bænda.
2. *Aukin framleiðni í matvælaiðnaði*. Að stuðla að nýsköpun, tækniframförum og/eða nýjum mörkuðum. 2-3 verkefni.
3. *Ferðaþjónusta utan háannatíma*. Að skilgreina þá þjónustu sem er í boði / gæti verið í boði og fara í öfluga markaðssetningu í þeim tilgangi að auka veltu ferðaþjónustunnar utan háannatíma.
4. *Markaðssetning og nýsköpun í ferðaþjónustu*. Að hvetja til nýsköpunar og markaðssetningar í ferðaþjónustu og bæta með því afkomu í greininni. 2-3 verkefni.
5. *Atvinnulíf og skóli*. Að auka formlegt samstarf á milli skólastofnana og atvinnulífs á Vesturlandi á grundvelli aðgerðaráætlunar.
6. *Dreifnám í Dölum*. Að ljúka greiningu og áætlanagerð um uppbyggingu dreifnáms í Dalabyggð og koma af stað dreifnámsdeild haustið 2013.
7. *Efling Grundartangasvæðis*. Að gera Grundartangasvæðið „aðgengilegra“ fyrir þá sem leita að staðsetningu fyrir fyrirtæki. Pilot-verkefni fyrir önnur svæði á Vesturlandi.

Samkvæmt 5. gr. samningsins um sóknaráætlun var 40% samningsupphæðar hans greidd við undirritun og önnur 40% í kjölfar funda um framvindu allra verkefna og mat á þeim sem stýrinet stjórnarráðsins gekkst fyrir þann 24. og 25. september 2013 með fulltrúum hverrar sóknaráætlunar. Lokagreiðsla, 20%, mun verða greidd í kjölfar staðfestingar stýrinetsins til Fjármála- og efnahagsráðuneytisins á að landshlutasamtökin hafi staðið við skilyrði samningsins og skilað endurskoðuðu fjárhagsuppgjöri fyrir 1. september 2014. Forsenda fyrir lokagreiðslu er að landshlutasamtökin hafi uppfyllt skilyrði fjárveitingarinnar og samningsins.

## 9.4 Þekkingarsetur

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur gert samninga til þriggja ára við háskóla- og nokkur þekkingarsetur.[36] Auk þess starfrækir Háskóli Íslands rannsóknasetur á nokkrum stöðum á landinu.
Þekkingarsetrin eru mikilvægur þáttur stoðkerfisins í hverjum landshluta og skrá yfir þau er í kafla 2.3.

## 9.5 Svæðisskipulag

Svæðisskipulag hefur verið gert fyrir hluta Vesturland, og þá landnotkunarskipulag, t.d. sérstakt svæðisskipulag fyrir svæðið sunnan Skarðsheiðar og annað fyrir svæðið norðan Skarðsheiðar en ekki fyrir landshlutann í heild. Ný gerð svæðisskipulags var samþykkt fyrir Snæfellsnes í maí 2014, ávöxtur úr Svæðisgarðinum Snæfellsnes.

[32] http://www.stjornarrad.is/media/rikisstjorn/skipting-framlaga.pdf
[33] http://www.stjornarrad.is/sl/soknaraaetlanir-landshlutanna/abyrgd-og-hlutverk-styrinetsins/
[34] Skapalón fyrir sóknaráætlun landshluta. Stýrinet stjórnarráðsins um sóknaráætlanir, 30.10.2012. Byggðastofnun.
[35] http://www.stjornarrad.is/media/sl/Verkefni-2013-yfirlit_220313.pdf
[36] http://www.menntamalaraduneyti.is/verkefni/samningar/haskola---og-visindamal/

Svæðisgarðurinn Snæfellsnes var stofnaður 4. apríl 2014 af sveitarfélögum og félagasamtökum í atvinnulífi á Snæfellsnesi. „Hlutverk hans er að vera vettvangur fjölþætts samstarfs með áherslu á að nýta sérstöðu svæðisins við uppbyggingu fjölbreyttara atvinnulífs og þjónustu.“[37] Einn þáttur í starfi svæðisgarðsins er svæðisskipulag og í maí 2014 var samþykkt að auglýsa svæðisskipulag Snæfellsness 2014-2026 í sveitarstjórnum sveitarfélaganna fimm á Snæfellsnesi, Eyja- og Miklaholtshreppi, Helgafellssveit, Grundarfjarðarbæ, Snæfellsbæ og Stykkishólmsbæ.[38]

Mynd 9.4.1 Stefnumótandi skipulagsáætlun




Heimild: Svæðisskipulag Snæfellsness 2014-2025. Alta.

Í greinargerð svæðisskipulagsins segir m.a. um svæðisgarð: „Svæðisgarður er byggðaþróunarmódel sem á sér evrópska fyrirmynd og snýst um fjölþætt samstarf sveitarfélaga, fyrirtækja, félaga og samtaka á svæði sem myndar landslags- og menningarlega heild. Hugmyndin er að með samtakamætti og skýrri sýn megi skerpa á sérstöðu svæðis og efla atvinnulíf og byggð.“ Um svæðisskipulagið segir m.a.: „Við svæðisskipulagsgerðina var lögð áhersla á að ná til stofnana, félagasamtaka og samtaka í atvinnulífinu með því að bjóða þeim til þátttöku í vinnuhópum þar sem rætt var um verðmæti, tækifæri og áherslur til framtíðar.[...] Meginhlutverk Svæðisskipulags Snæfellsness, er að leiða byggðaþróun á Snæfellsnesi með því að marka og festa í sessi sameiginlega framtíðarsýn og stefnu sveitarfélaganna um umhverfi, atvinnulíf og þekkingu á svæðinu.[… ] Stefnan er því í reynd sóknaráætlun Snæfellinga, um það hvernig þeir - sveitarfélögin og atvinnulífið í samvinnu við íbúa - hyggjast stuðla að því í sameiningu að þróun atvinnulífs og byggðar á Snæfellsnesi taki í auknum mæli mið af sérkennum svæðisins m.t.t. náttúru, menningar og mannauðs, sem aftur fléttast saman í staðaranda Snæfellsness.“ Í svæðisskipulaginu er unnið með eftirtalin sex leiðarljós:

- Gott samfélag.
- Nýsköpun.
- Markaðssetning.
- Sjálfbær þróun.
- Samkeppnisforskot.
- Öryggi og virkni íbúa.

Í greinargerðinni er sett fram svofelld framtíðarsýn fyrir Snæfellsnes: „Á Snæfellsnesi virða íbúar einstakan náttúru- og menningararf, nýta hann og viðhalda honum, með áherslum í byggðaþróun, atvinnustarfsemi, skóla- og rannsóknarstarfi og daglegu lífi. Svæðið er því eftirsótt til búsetu og ferðalaga og „Snæfellsnes“ er sterkt vörumerki.“ Í svæðisskipulaginu er sett fram markmið fyrir marga þætti byggðar, samfélags og náttúru.

[37] http://www.svaedisgardur.is/
[38] http://www.svaedisgardur.is/images/pdf/svsk-tillaga.pdf

# 10 Verkefna- og menningarsamningar

## 10.1 Vaxtarsamningur

Vaxtarsamningur Vesturlands 2010-2013 milli Iðnaðarráðuneytisins og Sambands sveitarfélaga á Vesturlandi var undirritaður í febrúar 2010 með gildistíma til ársloka 2013[39].

Markmið samningsins er að efla nýsköpun og samkeppnishæfni atvinnulífsins á starfssvæði Samband sveitarfélaga á Vesturlandi og auka hagvöxt með virku samstarfi fyrirtækja, háskóla, sveitarfélaga og ríkisins.

Leiðir að þessu markmiði eru tilgreindar í samninginum:

1. Efla samstarf fyrirtækja, háskóla og opinberra stofnana um þróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins.
2. Þróa áfram og efla klasasamstarf vaxtargreina svæðisins og efla svæðisbundna sérþekkingu á vel skilgreindum styrkleikasviðum.
3. Fjölga samkeppnishæfum fyrirtækjum og störfum og efla framboð á vörum og þjónustu.
4. Stuðla að útflutningi vöru og þjónustu og gjaldeyrisskapandi starfsemi.
5. Nýta möguleika sem skapast með aðild að alþjóðlegum verkefnum.
6. Laða að alþjóðlega fjárfestingu og þekkingu.

Í samninginum er lögð áhersla á uppbyggingu klasa og framgang rannsókna og þróunar á eftirtöldum sviðum og að áherslur og markmið geti breyst vegna stefnumótunar og samþættingar áætlana á grundvelli Sóknaráætlunar 2020:

1. Nýsköpun og tækniþróun sem drifin er áfram af náttúrulegum aðstæðum, öflugum þekkingarsetrum og háskólum á Vesturlandi. Starfsemi þekkingarsetra verði efld og sérstaklega hugað að tengslum þeirra við atvinnulífið á Vesturlandi.
2. Efling og leit að möguleikum sem tengjast starfsemi og þjónustu við stóriðjuna á Grundartanga og leggja skal sérstaka áherslu á þekkingarstarfsemi og dreifingu slíkrar starfsemi.
3. Sjálfbær ferðaþjónusta tengd sagnaarfi Vesturlands. Áhersla lögð á samtvinnun náttúruverndar, ferðaþjónustu og menningarstarfs.
4. Matvæli og svæðisbundnar auðlindir Vesturlands. M.a. verði stutt við eldisgreinar á sjó og landi, vöruþróun og markaðssetningu afurða.

Vaxtarsamningur Vesturlands 2010-2013 hefur styrkt 26 verkefni[40] og skrá yfir þau má finna í viðauka 1.

## 10.2 Menningarsamningur

Menningarsamningur milli mennta- og menningarmálaráðherra, iðnaðarráðherra og Sambands sveitarfélaga á Vesturlandi fyrir hönd sveitarfélaganna tíu á Vesturlandi var undirritaður í apríl 2011 með gildistíma til ársloka 2013.[41] Samningurinn er um samstarf ríkis og sveitarfélaga á Vesturlandi um menningarmál og menningartengda ferðaþjónustu í þeim tilgangi að beina í einn farveg styrkveitingum ríkisins til þess að efla slíka starfsemi í landshlutanum og gera hana sem sýnilegasta. Markmiðin eru fjögur:

- Efla samstarf á sviði menningarmála á svæðinu.
- Stuðla að nýsköpun og fjölbreytni í menningu og menningartengdri ferðaþjónustu.

---

[39] http://www.vaxtarsamningur.is/Files/Skra_0041697.pdf

[40] http://www.vaxtarsamningur.is/default.asp?sid_id=32273&tre_rod=002|&tId=1

[41] http://www.menntamalaraduneyti.is/menningarmal/Menningarrad/nr/5961

- Fjölga atvinnutækifærum á sviði menningar og lista.
- Menningarstarfsemi styðji við ferðaþjónustu.

Með samninginum er sveitarfélögum á Vesturlandi gert að standa að Menningarráði Vesturlands í samræmi við gildandi samstarfssamning sveitarfélaganna og kveðið á um að hlutverk ráðsins sé meðal annars að samræma aðgerðir á sviði menningarmála á Vesturlandi og standa fyrir öflugu þróunarstarfi í menningarmálum og nýsköpun sem meðal annars styðji við menningartengda ferðaþjónustu. Þá er menningarráðinu gert að setja fram stefnu og áætlun um hvernig það hyggst starfa að markmiðum samningsins, að úthluta styrkjum til menningarverkefna á Vesturlandi samkvæmt úthlutunarreglum sem það setur og birtir og að hafa eftirlit með framkvæmd styrktra verkefna. Framlag til samningsins er áætlað 32,3 m.kr. á ári og skiptist þannig að Mennta- og menningarmálaráðuneyti leggur til 17,4 m.kr., Iðnaðarráðuneyti leggur til 5,7 m.kr. og sveitarfélögin á Vesturlandi leggja sameiginlega til að lágmarki sem næst 40% af framlögum ráðuneyta eða sem nemur 9,2 m.kr.

Þegar í framhaldi af undirritun samnings milli Menntamála- og Samgönguráðuneytis á aðalfundi SSV 28. október 2005[42] og samkomulagi sveitarfélaganna á Vesturlandi um samstarf í menningarmálum setti Menningarráð Vesturlands sér samþykktir í janúar 2006.[43] Þar segir að tilgangur ráðsins sé að efla menningarstarfsemi á Vesturlandi. Í samþykktum þess er landshlutanum skipt í þrjú samstarfssvæði um menningarmál:

- Borgarfjarðarsýsla sunnan Skarðsheiðar.
- Borgarfjarðarsýsla norðan Skarðsheiðar og Mýrasýsla.
- Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla.

Í matsskýrslu Mennta- og menningarmálaráðuneytisins, *Úttekt á framkvæmd menningarsamninga 2011-2013*[44], er framkvæmd menningarsamninga gefin einkunn og þar segir m.a: „Þegar litið er til einstakra markmiða hefur svæðið náð sérstaklega góðum árangri í þeim matsþætti sem varðar stuðning menningarstarfsemi við ferðaþjónustu. Þar skiptir mestu máli farsæl uppbygging starfsemi í kringum Snorrastofu og Landnámssetrið í Borgarnesi. Svæðinu hefur síður tekist að fjölga atvinnutækifærum á sviði menningar og lista og að hluta til skýrsit það af nálægð af nálægð við höfuðborgarsvæðið. Nýsköpun og fjölbreytni í menningartengdri ferðaþjónustu fær einnig ágætiseinkunn eða 78%.“

Á grundvelli samþykkta sinna og menningarsamnings við ráðuneyti hefur Menningarráð Vesturlands úthlutað verkefnastyrkjum frá 2006 og í viðauka 2 er yfirlit yfir verkefni sem það veitti styrki árin 2011 og 2012.

[42] http://www.menningarviti.is/default.asp?sid_id=28228&tre_rod=002|004|&tId=1
[43] http://nepal.vefurinn.is/Nepal_Skrar/Skra_0060421.pdf
[44] http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/RSSPage.xsp?documentId=DCF68D4F9DD7086300257C0D0056678B&action=openDocument

# 11 Fjölþjóðlegt samstarf

Fjölþjóðlegt samstarf stofnana og fyrirtækja á Vesturlandi er víðtækt. m.a. þátttaka í fjölþjóðlegum samstarfsverkefnum ESB.

Á heimasíðu samstarfshóps styrkjaáætlana sem fá framlög frá ESB má sjá kort með landshlutagreindum upplýsingum um verkefni og verkefnastyrki.[45]

Verkefnaþátttaka er á Vesturlandi í tveimur verkefnaáætlunum sem Byggðastofnun hefur umsjón með, NORA og NPP.

## 11.1 NORA, Norræna Atlantssamstarfið

NORA (Norræna Atlantssamstarfið) eru samtök fjögurra landa og falla undir samstarf Norrænu Ráðherranefndarinnar um byggðastefnu. Eftirtalið verkefni með þátttöku á Vesturlandi var samþykkt á árinu 2012:

*Samstarf um beitukóng*. Samstarf aðila sem fást við veiðar/ræktun á beitukóngi. Sjávarrannsóknarsetrið Vör, Ólafsvík. Samstarfslönd: Noregur, Kanada.

## 11.2 NPP, Norðurslóðaáætlunin

NPP er samstarfsáætlun ESB og aðildarlanda að áætluninni um verkefnasamstarf. Starfssvæðið er norðurhluti Finnlands og Svíþjóðar, norðvesturhluti Noregs, Skotlands og Írlands og Ísland, Færeyjar, Grænland og Norður-Írland.

Aðalverkefni á starfstímabilinu 2007-2013 sem samþykkt höfðu verið í október 2013 með þátttöku á Vesturlandi eru:

*New Plants for the Northern Periphery Market*. [46]

Samstarfsverkefni Svíþjóðar, Finnlands, Skotlands og Íslands. Íslenskir þátttakendur eru Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í samstarfi við garðyrkjustöðvar og fyrirtæki.

*Retail in Rural Regions. www.rrr-project.net*

Samstarfsverkefni Íslands, Írlands, Færeyja, og Skotlands þar sem Rannsóknarsetur verslunarinnar og Háskólinn á Bifröst eru þátttakendur í samstarfi við verslanir, Samtök verslunar, sveitarfélög og atvinnuþróunarfélög.

*Rural Innovation and Business Systems – RIBS.* [47]

Samstarfsverkefni Skotlands, Svíþjóðar, Finnlands, Írlands og Íslands. Íslenskir þáttakendur eru Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, SSV ráðgjöf og Vaxtarsamningur Vesturlands.

*Tourist Guide for Northern Periphery – TG4NP.*[48]

Samstarfsverkefni Svíþjóðar, Norður-Írlands, Írlands, Finnlands, Svíþjóðar, Noregs, Grænlands og Íslands. Íslenskur þátttakandi er Rannsóknarsetur verslunarinnar á Bifröst í samstarfi við þjónustuaðila í verslun, ferðaþjónustu og fjarskiptum.

[45] http://evropusamvinna.is/kort/

[46] www.northernplants.net

[47] www.ruralinnovation.eu

[48] www.tg4np.eu

# Viðaukar

## Viðauki 1: Verkefnaskrá vaxtarsamnings 2010-2013

### Skrá yfir styrkt verkefni

1. *Fræðsla og upplifun heima á bæ*. Samstarf býlanna á Bjarteyjarsandi og Erpsstöðum og Landbúnaðarháskóla Íslands um þróun á fræðslu- og kynningarefni fyrir landbúnaðartengda ferðaþjónustu.
2. *Matvælatengd ferðaþjónusta*. Vaxtarsamningurinn er þátttakandi (án fjárframlags) í Öndvegisverkefni sem leitt er af Matís um þróun matvælatengdrar ferðaþjónustu.
3. *Act Cool West Icelandic*. Samstarf veitingahúsa og matvælaframleiðslufyrirtækja á Vesturlandi og Vestfjörðum við samsvarandi aðila í Grænlandi og Færeyjum um þróun og kynningu staðbundinna matvæla.
4. *FabLab á Akranesi*. Samstarf um uppsetningu FabLab verkstæðis í tengslum við Fjölbrautarskóla Vesturlands á Akranesi. Unnið er að því að tryggja fjármagn til verkefnisins.
5. *Lambið mitt*. Samstarf um markaðssetningu á Vestlensku lambakjöti á netinu.
6. *Litlu búðirnar á netinu*. Vefverslun sett upp sérstaklega til markaðssetningar á vestlensku handverki og hönnun.
7. *Sprotinn – atvinnusmiðja*. Frumkvöðlasetur Landbúnaðarháskóla Íslands sem sérhæfir sig í aðstoð við frumkvöðla og nýsköpunarverkefni á sviði hagnýtra lífvísinda og líftækni.
8. *Körfuboltaakademía Borgarness*. Verkefnið gengur út á samstarf Menntaskóla Borgarfjarðar og nokkurra aðila í Borgarnesi um stofnun körfuboltaakademíu við skólann.
9. *Komdu í land*. Á hverju ári kemur nokkur fjöldi skemmtiferðaskipa til Grundarfjarðar. Verkefnið gengur út á að koma á fót handverksmarkaði fyrir farþega skemmtiferðaskipa. Á markaðnum geti handverksfólk eða smáframleiðendur af öllu Vesturlandi komið og selt sína vöru.
10. *Klasasamstarf í Neðribæ í Borgarnesi*. Samstarf nokkurra ferðaþjónustuaðila og handverksfólks í gamla bænum í Borgarnesi. Markmiðið er að kynna Neðribæ sem áhugaverðan stað fyrir ferðamenn. Hluti af því starfi snýst um að stofna heimasíðuna.[49]
11. *Íslenski menningararfurinn á netinu*. Verkefnið snýst um að þróa námskeið um fornsögur Íslands og bjóða þau erlendis í gegnum fjarnámsvef. Samstarfsaðilar eru: Símenntunarmiðstöð Vesturlands, Snorrastofa í Reykholti og hugbúnaðarfyrirtækið Nepal ehf.
12. *Náttúruháskóli unga fólksins*. Klasaverkefni á vegum Landbúnaðarháskólans, framhaldsskólanna á Vesturlandi og Norðuráls sem miðar að því að efla áhuga framhaldsskólanemenda á Vesturlandi á sviði náttúruvísinda.
13. *Sjávarsafnið í Ólafsvík*. Verkefnið gengur út á að hópur aðila bindst samtökum um að fjölga og viðhalda tegundasafni sjávardýra ásamt því að búa til fræðsluefni sem mun nýtast gestum og skólahópum.
14. *Græna lónið*. Klasaverkefni 20 aðila á Sunnanverðu Snæfellsnesi sem gengur út á að byggja upp baðlón með náttúrulegu heitu ölkelduvatni að Lýsuhóli í Staðarsveit.
15. *W-23,* samstarf fjögurra þekkingarsetra á Snæfellsnesi: Háskólasetri Snæfellsness, Náttúrustofu Vesturlands, Varar og Þjóðgarðsins. Nafnið, W-23, vísar til lengdargráðu svæðisins. Hópurinn hyggst vinna í sameiningu að kynningu á rannsóknatækifærum, aðstöðu og rannsóknum samningsaðila á náttúru Snæfellsness og Breiðafjarðar. Markmiðið er að fjölga störfum í þekkingartengdum verkefnum á Snæfellsnesi.
16. *Vesturlandsstofa*. Á vegum ferðaþjónustuklasans hefur verið unnið að stofnun Markaðsstofu Vesturlands. Viðskiptahugmyndin gengur út á að byggja á þeim grunni sem Upplýsinga- og kynningarmiðstöð Vesturlands er, en sameina starfsemina við starf Ferðamálasamtaka Vesturlands, All Senses og etv. fleiri aðila.
17. *Breiðafjarðarfléttan*. Samstarfsvettvangur ferðaþjónustuaðila hringinnn í kring um Breiðafjörð. Hópurinn sótti um sameiginlega til Vaxtarsamnings Vestfjarða og Vaxtarsamnings Vesturlands og fékk stuðning frá báðum aðilum.
18. *Þekkingarklasi Vesturlands,* samtök sem eru vettvangur fyrirtækja, stofnana, einstaklinga og félaga í þekkingartengdri starfsemi á Vesturlandi. Hlutverk Þekkingarklasa Vesturlands er að:
    - Stuðla að samstarfi og tengslamyndun meðal aðila í þekkingartengdri starfsemi á Vesturlandi.

[49] www.vistitborgarnes.com.

- Vinna að sameiginlegum hagsmunamálum fyrirtækja og stofnana í þekkingartengdri starfsemi á Vesturlandi.
- Vinna að almennri kynningu á þekkingartengdri starfsemi á Vesturlandi og leita leiða til að auka sýnileika hennar.
- Stuðla að samstarfi við hliðstæð samtök innanlands og erlendis.

19. *Matvælaklasi Vesturlands*, samstarfsverkefni fyrirtækja og stofnana í matvælageiranum; aðallega veitingahúsa og matvælaframleiðenda.
20. *Frumkvöðlasetur Vesturlands*, samstarfsverkefni Háskólans á Bifröst, Landbúnaðarháskóla Íslands, Borgarbyggðar, Sparisjóðs Mýrasýslu og SSV-Þróun og ráðgjöf. Markmiðið er að reka frumkvöðlasetur í tengslum við starfsemi atvinnuráðgjafarinnar og víðar, ef ástæða þykir til.
21. *Efling Stykkishólms*. Verkefnið gengur út á samþjöppun upplýsinga um þá þjónustu sem í boði er í bæjarfélaginu með heimasíðugerð og upplýsingamöppu sem dreift verður í öll þau hús sem teljast frístundahús eða eru til leigu. Vefurinn verður byggður upp myndrænt og auðvelt verður að finna allar þær upplýsingar um þjónustu sem í boði er í Stykkishólmi.
22. *Hollvinasamtök Dalabyggðar*. Samtökin eru stofnuð til að vinna að framfaramálum á sviði atvinnu- og menningarlífs á svæðinu, standa vörð um söguna, vinna að verkefnum sem snerta Dalabyggð og hlúa að svæðinu í framtíðinni.
23. *Þróunarsetur Fjölbrautaskóla Vesturlands*. Styrkurinn er veittur til að að undirbúa stofnun þróunarseturs (eða fræðsluseturs) í málmiðnaði og málmtækni sem verður miðstöð fyrir fullorðinsfræðslu, rannsóknir og menntatengda starfsemi á því sviði og um leið samstarfsvettvangur fyrirtækja og menntastofnana (meðal annars verkfræði- og tæknideilda háskóla) á sviði málmiðnaðar og málmtækni.
24. *Food and fun á landsbyggðinni*. Vaxtarsamningar víðs vegar af landinu tóku höndum saman og styrktu verkefnið Food and fun á landsbyggðinni.
25. *Samráðsvettvangur atvinnulífsins á Vesturlandi*. Markmið vettvangsins er að stuðla að því að atvinnustarfsemi á Vesturlandi sé samkeppnishæf á markaði viðkomandi og að tryggja áframhaldandi vöxt og fjölbreytileika atvinnulífsins. Starfið verður verkefnabundið og fjármagnað á grundvelli skilgreindra verkefna en aðild er í gegnum aðild að SA.
26. *All senses group*. All senses hópinn þarf varla að kynna en um er að ræða sjálfsprottinn klasa ferðaþjónustuaðila á Vesturlandi. Vaxtarsamningur Vesturlands samdi beint við klasann um að starfa sem ferðaþjónustuklasi fyrir samninginn.[50]

[50] www.westiceland.is.

## Viðauki 2: Verkefnaskrá menningarsamnings 2012-2013

**Skrá yfir styrkt verkefni 2012**[51]

1. *Reykholtshátíð. Reykholtshátíð er eftirsóknarverður vettvangur fyrir innlenda og alþjóðlega tónlistarmenn og ekki síður tónlistarunnendur sem njóta tónleikanna*. Tónstef ehf.
2. *Alþjóðleg kvikmyndahátíð Northen Wave í Grundarfirði, sýnir stuttmyndir og tónlistarmyndbönd. Fiskiveisla, tónleikar, fyrirlestrar, námskeið, barnasýningar og fl.* Northern Wave.
3. *Snorrastofa í Reykholti fær styrk til að standa straum af námskeiðum, fyrirlestrum og viðburðum í Snorrastofu*. Snorrastofa.
4. *Á slóðir Guðríðar Þorbjarnardóttur, þróun pílagrímsferða m.a. tenging milli Snæfellsness, Eiríksstaða, Dalabyggðar og Grænlands, Edda Lyberth Julianehåb*. Markaðsstofa Vesturlands.
5. *Fyrsti áfangi í varanlegri sýningu í Landbúnaðarsafni Íslands á Hvanneyri*. Landbúnaðarsafn Íslands.
6. *Heimildarmynd um ævi og störf listamannsins Steinþórs Sigurðssonar og órjúfanleg tengsl hans við heimabæinn Stykkishólm*. Klipp ehf.
7. *Á IsNord tónlistarhátíðinni eru dregnar fram perlur frá íslenskum tónskáldum í bland við það besta frá Norðurlöndunum. Tónlistarfólk m.a. Frá Vesturlandi.* IsNord tónlistarhátíðin.
8. *Skrásetur í ljósmyndum allt frá hugmynd til frumsýningar, brúðuleikhúsverkið Gamli maðurinn og hafið sem er sýning í Brúðuheimum í Borgarnesi.* Þorkell Þorkelsson.
9. *Árleg sumartónleikaröð í Stykkishólmskirkju og annað listrænt starf*. Kór Stykkishólmskirkju.
10. *Landnámssetur: sýningar, sagnahefð og bókmenntir, með það að markmiði að auka fjölbreytileika í menningartengdri ferðaþjónustu*. Landnámssetur Íslands.
11. *Alladín og andinn í lampanum. Austrænir menningarheimar kynntir frá stríðshrjáðu landsvæði þar sem menning hefur blómstrað í yfir 3000 ár.* Brúðuheimar ehf.
12. *Trúðleikur er fjölskyldusýning þar sem tækni trúðleiksins, sprell og fjör eru í aðalhlutverki í nýja leikhúsinu Frystiklefanum á Rifi í Snæfellsbæ*. Frystiklefinn, Rifi Snæfellsbæ.
13. *Í nýju verki Þjóðlagasveitarinnar mun stjórnandinn vinna með "spjallhorn" þar sem hann ræðir við áhorfendur og lítur yfir farinn veg Þjóðlagasveitarinnar*. Þjóðlagasveit Tónlistarskóla Akraness.
14. *Ungir-Gamlir. Samstarf eldir tónlistarmanna og ungs fólks á Akranesi, samstarf sem stuðlar að aukinni tónlistariðkun ungmenna á Akranesi*. Grundaskóli, Brekkubæjarskóli og Tónlistarskóli Akraness.
15. *Blús og Djasstónlistarhátíð, þar sem fram kemur landsþekkt tónlistarfólk, ásamt tónlistarfólki á Akranesi*. Blús og Djassfélag Akraness.
16. *NÓTAN. Á hátíðinni fá nemendur af öllu landinu tækifæri til að sýna sig og sjá aðra. Hátíðin eykur víðsýni nemenda og auðugar tónlistarlífi á Vesturlandi*. Tón-Vest.
17. *Leiksýning, unnið verður með sögur og söngva tengda Akranesi og Hvalfjarðarsveit með nemendum skóla á þessum svæðum og Tónlistarskólanum.* Heiðrún Hámundardóttir.
18. *Alþjóðleg brúðuleikhúshátíð í neðribænum í Borgarnesi 29. mars til 1. apríl 2012. Aðaláherslan í ár er á brúðuleikhús frá Englandi.* Brúðuheimar ehf.
19. *"Syngjandi konur á Vesturlandi" söngbúðir og námskeið með Kristjönu Stefánsdóttur djasssöngkonu í fararbroddi. Allar konur hvattar til þátttöku*. Freyjukórinn í Borgarfirði.
20. *Tónleikar á a.m.k. fjórum stöðum á Vesturlandi. Verkefnið er eitt stærsta samstarfsverkefni á sviði tónlistar sem ráðist hefur verið í á Snæfellsnesi*. Stórsveit Snæfellsness.
21. *Markmiðið er að gera áhrifamikla mynd, samfélagsspegil sem hefur jákvæð áhrif á samfélagið. Söguvettvangur er á Vesturlandi*. FRÆ kvikmyndir ehf.
22. *Markmið Ærings er að vekja athygli á og efla listsköpun ungs fólks á myndlist á landsbyggðinni. Einnig að virkja þau til sjálfstæðrar atvinnusköpunar í listum*. Æringur.
23. *Auðlindahátíð á Vesturlandi til þess að lengja ferðatímann sem endar með málþingi um matarmenningu úr héraði.* Markaðsstofa Vesturlands.
24. *Þjónusta við pílagríma er e.t.v. elsta og mikilvægasta form ferðaþjónustu. Hér er stigið fyrsta skrefið í að byggja upp pílagrímaleið á Íslandi*. Út og vestur ehf .
25. *Efnt verður til árlegrar Eyrbyggjuhátíðar, viðburðum verður dreift um svæðið. Með samstarfi áhugafólks og sveitarfélaga verður sögunni miðlað um svæðið*. Eyrbyggja – Sögumiðstöð.
26. *Markmið Tónlistarfélagsins er að gefa heimamönnum tækifæri til þess að hlusta á fjölbreytta tónlist í flutningi fyrsta flokks listamanna.* Tónlistarfélag Borgarfjarðar.
27. *Dalir og hólar 2012, myndlistarsýning. Náttúra og menning í Dalabyggð og Reykhólasveit . Listamennirnir koma víða að bæði frá Íslandi og Norðurlöndum*. Penna sf.

[51] http://www.menningarviti.is/default.asp?sid_id=56038&tre_rod=003|005|&tId=1

28. *Fjölbreytt menningartengt starf í Pakkhúsi og Átthagastofu Snæfellsbæjar*. Átthagastofa Snæfellsbæjar.
29. *Samsýning List- og handverksfélags Akraness. Þema sýningarinnar er þjóðsaga*. List og handverk sf. Akranesi.
30. *Frumsamin og frumflutt revía í fullri lengd,bráðfyndin og skemmtileg. Samin af Bjartmari Hannessyni frá Norðurreykjum*. Ungmennafélag Reykdæla.
31. *Byggðasafnið ásamt samstarfsaðilum stendur að viðburðum tengdum búsetu, mannlífi og atvinnu á Akranesi frá upphafi byggðar á svæðinu fram til okkar daga*. Byggðasafnið Görðum, Akranesi.
32. *Leirlistarsýning á Akranesi. Flutningur listakonunnar frá höfuðborginni út á landsbyggðina hefur orðið henni mikill innblástur sem hún vill kynna fyrir öðrum*. Kolbrún S. Kjarval.
33. *Tónlistaruppsetning á sögu hljómsveita í Stykkishólmi frá 1950 fram til dagsins í dag.* Margir af upphaflegum meðlimum munu stíga á stokk á sýningunni. Leikfélagið Grímnir, Stykkishólmi.
34. *Ólafsdalur í Gilsfirði, viðburðir og ráðstefna á Ólafsdalshátíð12.-13. ágúst*. Ólafsdalsfélagið.
35. *Minnisvarði um Gunnar Bjarnason á Hvanneyri.* Gunnar Bjarnason mótaði og ritaði sögu íslenska hestsins á 20. öld. Landbúnaðarháskóli Íslands.
36. *Uppfærsla á Sölku Völku eftir Halldór Kiljan Laxness* í leikgerð Stefáns Baldurssonar og Þorsteins Gunnarssonar og leikstjórn Jakobs S. Jónssonar. Umf. Dagrenning.
37. *Uppfærsla á leikritinu Skugga-Sveini eftir Mattías Jochumsson í leikstjórn Rúnars Guðbrandssonar*. Leikdeild Skallagríms.
38. *Sýning með verkum Sigurjóns Ólafssonar myndhöggvara*. Sýningin spannar fimm síðustu æviár hanns frá 1977 - 1982. Öll listaverkin eru úr viði. Listasetrið Kirkjuhvoll.
39. *Fjórar ljósmyndasýningar í samstarfi við Þjóðminjasafn Íslands sem vöktu mikla athygli*. Ólíkar sýningar fyrir breiðan hóp fólks sem verða settar upp í Kirkjuhvoli. Listasetrið Kirkjuhvoll.
40. *Markmið að vekja athygli á og fræða fólk um sérstöðu íslensku sauðkindarinnar og um sambúð hennar og íslensku þjóðarinnar í gegnum aldirnar*. Eigið fé ehf.
41. *Nýtt leikrit um Jón Hreggviðsson í leikgerð Bjarna Jónssonar*. Leikritið fjallar um sögu hans og ferðir um Ísland, Niðurlönd, Þýskaland og Danmörku. Akranesstofa.
42. *Sett verður upp leikritið Blóðbræður í Bíóhöllinni á Akranesi*. Leiklistarklúbbur Nemendafélags FVA.
43. *Flutt verður leikverkið Blessað barnalán eftir Kjartan Ragnarsson*. Leikfélag Ólafsvíkur.
44. *Sagnaþula með öldruðum. Hjúkrunar- og dvalarheimili aldraðra á Vesturlandi heimsótt og sagðar sögur eins og gert var í baðstofum Íslands áður fyrr*. Ragnheiður Þóra Grímsdóttir.
45. *Ætlunin er að safna saman og sýna myndlistarverk fólks sem tengist Stykkishólmi á einhvern hátt og kynna verk þeirra fyrir Stykkishólmsbúum og gestum*. Stykkishólmsbær.
46. *Einstaklingar í félagi nýrra Íslendinga kenna ungu fólki írska og keltneska söngva. Tónleikar á Írskum dögum með írskri og keltneskri tónlist*. Félag nýrra Íslendinga .
47. *Blásaradeild tónlistarskólans á Akranesi mun halda tónleika á tónlist sem tengist Akranesi. Til dæmis eftir Teódór Einarsson, Dumbó og Steina og Tíbrá*. Skólahljómsveit Akraness.
48. *Ljósmyndasýning með fréttamyndum sem tengjast atburðum á Akranesi upp úr miðri síðustu öld.* Helgi Daníelsson, Akranes.
49. *Lífríki Breiðafjarðar í máli og myndum sem fylgja eftir þeirri upplifun að sjá fiskana í safninu*. Fiskasafn á Norðurtanga, Ólafsvík.
50. *Sýningin Endurfundir er fengin frá Þjóðminjasafni Íslands. Sýningin sýnir þá hluti er varða fornleifarannsóknir í Reykholti.* Byggðasafnið Görðum, Akranesi.
51. *Marín G. Hrafnsdóttir bókmenntafræðingur og langömmubarn skáldkonunnar Guðrúnar frá Lundi, stýrir dagskrá og segir frá lífi og list ömmu sinnar. Málþing*. Bókasafn Akraness.
52. *Félag aldraðra í Borgarfjarðardölum hefur frá árinu 2010 unnið að söfnun örnefna. Takmarkið er að skrá allt örnefnasafn FAB inn á kortagrunn LÍ.* Félag aldraðra í Borgarfjarðardölum.
53. *Sýningarferð um Snæfellsnes og Dali þar sem íslenskir þjóðdansar verða kynntir í samstarfi við félög eldri borgara og heilbrigðisstofnanir*. Danshópurinn Sporið.
54. *Safnasvæðið Akranesi og félag íslenskra eldsmiða verða með fræðsluverkefni um eldsmíði dagana 1.-3.júní 2012.* Byggðasafnið Görðum, Akranes.
55. *List án landamæra. Verkefnið er hvatning til aukinnar virkni, það brúar bil milli manna og leggur lóð á vogarskálar jafnréttis*. Akranesstofa.
56. *Staðarfellsstelpurnar: Hvað stóð ömmum okkar og mömmum til boða að læra? Fjölþætt sýning og forvitnileg í Dölum.* Birna Kristín Lárusdóttir.
57. *Uppsetning fimm sýninga á sýningarvegg gallerísins. Lögð er áhersla á að fá listamenn frá Vesturlandi og víðar að til sýningarhalds.* Gallerí Gersemi, Borgarnes.

58. *Samkomuhúsið Röðull er í endurbyggingu og þar verða margskonar viðburðir þar sem sagnahefð og önnur einstök menning Skarðsstrendinga fær notið sín*. Guðrún E. Jóhannsdóttir.
59. *Samstarfsverkefni. Menningardagskrá Grundarfjarðarbæjar og vinabæjarins Paimpol í Frakklandi á Rökkurdögum.* Grundarfjarðarbær .
60. *Tónleikahald Karlakórsins Söngbræðra í Borgarfirði og nærhéruðum auk tónleika á Suðurnesjum, í Vestmannaeyjum og Færeyjum.* Karlakórinn Söngbræður.
61. *Hátíð í bæ 2012. Tónlistarfólk af öllu Snæfellsnesi flytur jólalög í aðdraganda jóla.* Baldur Orri Rafnsson.
62. *Óhefðbundið sýningarform með lifandi prjónagraffi sem teygir þræði sína út í umhverfið. Workshop á norrænni prjónaráðstefnu í Borgarnesi 5.-11. ágúst 2012*. Valkyrjur ehf. Lopi & band.
63. *Brother Grass stefnir á að halda tónleika fyrir og með börnum í Borgarnesi. Hljómsveitin spilar suðurríkjatónlist*. Hildur Halldórsdóttir.
64. *Vorfagnaður á Fellsenda. Listaverk sem íbúar Fellsenda hafa gert auk annarra listamanna af svæðinu verða sýnd. Tónlistarflutningur, gamanmál og veitingar*. Hjúkrunarheimilið Fellsenda.
65. *Listsýning á Akranesi með teikningum sem gerðar hafa verið fyrir blöð og bækur*. Bjarni Þór Bjarnason.
66. *Félag Nýrra Íslendinga heldur listsýningu og tónleika í Átthagastofa og vill með því kynna eigin menningu og menningarstarf*. Átthagastofa Snæfellsbæjar.
67. *Portretttónleikar tónskálds er tilraunakennd nútímatónlist og er m.a. spilað á Dórófón nýtt íslenskt hljóðfæri eftir Halldór Úlfarsson. Tónleikar á Vesturlandi*. Hallvarður Ásgeirsson.
68. *Flutningur á Hallgrímspassíu saminni af Sigurði Sævarssyni árið 2007. Hann hefur útsett verkefnið fyrir kór, orgel og slagverk, í stað hljómsveitar*. Kammerkór Akraness.
69. *Masterklass námskeið þar sem myndlistarmenn frá Vesturlandi mála saman í frjálsu umhverfi í sveitinni og sýna afraksturinn í fjárhúsbyggingum í Hvalfirði*. Anna Leif Elídóttir.
70. *Tónlistarsmiðjur i Stykkishólmi, sönglög um heimabyggðina*. Elín Kristinsdóttir -Stúdíó Stykkishólmur.
71. *Varðveisla sögu Hvítahússins (Íshússins) í Krossavík og sögu Gísla Stefánssonar, útvegsbónda, og samtíðarmanna hans um aldamótin 1900.* Steingerður Jóhannsdóttir.
72. *Málverkasýning, þar árstíðirnar á Akranesi eru fangaðar sýning í Safnaskálanum*. Jóhanna L. Jónsdóttir.
73. *Sýning félags áhugamannaljósmyndara á Akranesi á Vökudögum 2012*. Vitinn - félag áhugaljósmyndara Akranes.
74. *Tvennir tónleikar fyrir unglinga í Snæfellsbæ*. Félagsmiðstöðin Afdrep.
75. *Vökudagar. Á dagskránni er söngur, hljóðfæraleikur og dans barna*. Leikskólinn Vallarsel.
76. *Ungmenning 2012 er vettvangur fyrir ungt fólk á Vesturlandi til þess að koma list sinni á framfæri. Í ár verður áhersla lögð á sjónlistir.* Ungmennahúsið Hvíta húsið.
77. *Skólaljóðin í tali og tónum, tónleikar í tilefni af endurútgáfu skólaljóðanna*. Kór Akraneskirkju.
78. *Tónleikaröð í maí 2012. Með kórnum leikur hljómsveitin Melankólía en kórinn flytur sígild íslensk lög,verk úr klassískri rokksögu og dægurtónlist líðandi stundar.* Kór Menntaskóla Borgarfjarðar.
79. *Kynning á rannsóknum á sögu Breiðafjarðar undir forystu Sverris Jakobssonar. Þetta er hluti af fyrirlestraröð sem Penna stendur fyrir að Nýp á Skarðsströnd*. Penna sf.
80. *Rokktónleikar með hörðustu mönnum landsins á hráasta tónleikastað landsins. Tónleikar í Hnúksnesi í byrjun júní.* Elsa Kristín Sigurðardóttir.
81. *Grunnnámskeið í hljóðupptökum og hljóðvinnslu í Stúdíó Stykkishólmi*. Elín Kristinsdóttir - Stúdíó Stykkishólmur.
82. *Kórinn hefur um árabil tekið þátt í kóramóti í Reykholti í byrjun desember, auk þess að syngja við ýmis tækifæri í Borgarbyggð*. Gleðigjafar kór eldriborgara í Borgarfirði.
83. *Etienne De France tók upp hluta af mynd sinni Tales of Sea Cow við Breiðafjörð. Sýning á myndinni verður í maí í Hnúksnesi en þar verða einnig sýndir leikmunir og búningar. Þetta verður fyrsti atburðurinn í Hnúksnesi*. Elsa Kristín Sigurðardóttir.
84. *Ráðstefnur, fundir og fleira*. Sérverkefni Menningarráðs Vesturlands.

**Stofn- og rekstrarstyrkir veittir af Menningarráði Vesturlands 2012**:[52]

1. Snorrastofa í Reykholti.
2. Landbúnaðarsafn Íslands.
3. Eyrbyggja Sögumiðstöð.
4. Eldfjallasafnið Stykkishólmi.
5. Byggðasafnið á Görðum.
6. Eiríksstaðir tilgátuhús.

[52] http://nepal.vefurinn.is/Nepal_Skrar/Skra_0056824.pdf

7. Norska húsið byggðasafn.
8. Sjávarsafnið Ólafsvík.
9. Sjóminjasafnið Hellissandi.
10. Ísípísý Prouductions ehf.
11. Listasetrið Kirkjuhvoll.
12. Votlendissetur LBHÍ.

**Skrá yfir styrkt verkefni 2013:**[53]

1. *Handritin alla leið heim.* 350 ár eru liðin frá því Árni Magnússon fæddist að Kvennabrekku. Rímnahandrit sem kennt er við Staðarhól verður endurgert og sýnt, margvísleg hátíðarhöld. Árnastofnun, Byggðasafn og héraðsskjalasafn í Dalabyggð, og Nýpurhyrna á Skarðsströnd.
2. *Norðurlandameistaramót í eldsmíði:* Norðurlandameistaramót í eldsmíði á Safnasvæðinu á Akranesi, fyrirlestrar sýnikennsla og fl. Norrænt mót í eldsmíði að Görðum. Íslenskir Eldsmiðir
3. *Markaðssetning menningarstaða og menningartengdrar ferðaþjónustu:* Rarik styrkur. Markaðsstofa Vesturlands
4. *Northern Wave í Grundarfirði:* Kvikmyndahátíð með kynningu á fjölbreytileika stuttmyndaformsins. Northern Wave.
5. *Tónlistarhátíð í Reykholti:* Flytjendur úr fremstu röð íslensk tónlistarlífs. Reykholtshátíð 2013.
6. *Geimveran:* Þann 5. nóvember 1995 söfnuðust hundruð manna á Snæfellsjökli til að taka á móti geimverum. Frystiklefinn Leikhús á Rifi.
7. *Menningardagskrá Landnámssetursins:* Dagskrá í formi leiksýninga, sagnaskemmtana, tónleika og leiksýningar. Landnámssetur Íslands.
8. *Snorrastofa í Reykholti:* Styrkur til að halda fyrirlestra í héraði, námskeið í miðaldarbókmenntum, málþing um Snorra Sturluson. Snorrastofa.
9. *Ópera um Ragnheiði Brynjólfsdóttur*: Frumsamin ópera um Ragnheiði Brynjólfsdóttur, frumsýnd í Hallgrímskirkju, Saurbæ. Dream-voices ehf.
10. *Leiðsögn um listina og arkitektúr Stykkishólmskirkju*: Tónleikar, myndlistarsýningar. Listvinafélag Stykkishólmskirkju.
11. *Þjóðlagahátíð Vesturlands:* Multicultural festival of nations in West Iceland. Félag nýrra Íslendinga.
12. *Tónlistarverkefnið Ungir – gamlir á Akranesi:* Ungum tónlistarmönnum gefst tækifæri til þess að vinna með eldri og reyndari rokkurum. Ungir – gamlir á Akranesi.
13. *Hið blómlega bú:* Sjónvarpsþáttagerð, hindranir, lærdómur og sigrar. Búdrýgindi ehf.
14. *Félag aldraðra í Borgarfjarðardölum vinnur að söfnun og skráningu örnefna í Borgarfjarðardölum.* Félag aldraðra í Borgarfjarðardölum.
15. *Söngbúðir í Hjálmakletti:* Söngbúðir með Kristjönu Stefánsdóttur söngkonu, tónleikar. Freyjukórinn í Borgarfirði.
16. *App fyrir snjallsíma:* App fyrir snjallsíma, miðlar fróðleik um Eldfjallasafnið og Snæfellsnes. Eldfjallasafnið Stykkishólmi.
17. *Samstarf tónlistarskóla á Vesturlandi:* Bestu nemendur fá að spila saman og keppa um þátttöku á tónleikum í Hörpu. TónVest.
18. *Heimildarmynd um veiðar, verkun og sögu hákarls á Íslandi.* Hildibrandur Bjarnason.
19. *Hernámshátíð í Hvalfirði:* Hernámshátíð í Hvalfirði í anda þessa mikla umbrotatíma 1940-45. Hernámssetrið í Hvalfirði.
20. *Fjölbreyttar listsýningar:* Listasetrið Kirkjuhvoll Akranesi.
21. *Græna byltingin:* Samstarf við náttúrustofu og fræðsludeild Listasafns Reykjavíkur. Norska húsið Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla.
22. *Tónleikar með nostalgíu ívafi:* Stefnt að tónleikum með nostalgíu ívafi, *s*kipuð af ungu fólki á Snæfellsnesi. Stórsveit Snæfellsness.
23. *Þrjár norrænar leiksýningar um Laxdælu:* Sýningar að Laugum í Sælingsdal. Sögusvuntan ehf.
24. *Tónleikar, frá perlum íslenskra tónskálda í bland við það besta frá Norðurlöndum:* Tónlistarhátíðin ÍsNord.
25. *Samtal með söng, tali og fiðluleik:* Þjóðlagasveit Tónlistarskólans á Akranesi.
26. *Menningartengd ferðaþjónusta og fjörunytjar:* Bjarteyjarsandur sf.
27. *Skráning og merking á gönguleiðum pílagríma:* Skrá og merkja gönguleiðir og stuðla að fræðslu og kynningu á pílagrímaferðum. Pílagrímaferðir frá Bæ í Borgarfirði til Skálholts.
28. *Tónleikar í Reykholtskirkju:* Guðrún Ingimarsdóttir sópran og Rastrelli Celloquartet frá Rússlandi.

[53] http://nepal.vefurinn.is/Nepal_Skrar/Skra_0060369.pdf

29. *Ætlað að efla og styrkja atvinnu með handverki og hönnun í héraði:* Ráðstefna um handverk og hönnun í Búðardal.
30. *Efling kóramenningu á Vesturlandi:* Styrkur til kórstjórnar og undirleiks á tónleikum. Karlakórinn Söngbræður.
31. *Sagnakonan eftir Óskar Guðmundsson:* Sagnakonan eftir Óskar Guðmundsson um ævi Guðnýjar Böðvarsdóttur frá Görðum. Leikfélagið Skagaflokkurinn.
32. *Sumarlistasmiðja unglinga:* Sumarlistasmiðja unglinga innblásin af Egilssögu og sögustöðum í Borgarbyggð. Neðribæjarsamtökin í Borgarnesi.
33. *„Guðlaug húsfreyja og konurnar í Ólafsdal":* Sýning, málþing og fræðsla um hlutverk kvenna 1880-1907. Ólafsdalsfélagið.
34. *Nytjahlutur sem verður einskonar minjagripur fyrir búskap á Vesturlandi:* Hönnun og nýsköpun Ólöf E. Bjarnadóttir.
35. *Sagnaþula:* Sögurnar eru frábær leið til þess að vinna með ungum jafnt sem öldnum. Ragnheiður Þóra Grímsdóttir sagnaþula.
36. *Fjölbreyttir tónleikar af svæðinu með tónlistarfólki úr héraði í bland við erlenda gesti*. Tónlistarfélag Borgarfjarðar.
37. *Tónleikar með tónlistarfólki af svæðinu og öðrum þekktum tónlistarmönnum:* Vatnasafnið í Stykkishólmi.
38. *Hátíð sögu og bóka:* Á hátíðinni verður lögð áhersla á konur af Vesturlandi skáld, rithöfunda og sögupersónur. Júlíana- hátíð sögu og bóka í Stykkishólmi.
39. *Endurvakning kvikmyndasýninga í Borgarnesbíói:* Óðal, Borgarnesbíó.
40. *Gamanóperan Ráðskonuríki:* Alþýðuóperan sýnir gamanóperuna Ráðskonuríki á Akranesi og Borgarnesi. Alþýðuóperan.
41. *Sýningar á farartækjum sem tengjast samgöngum í Borgarfirði:* Fornbílafélag Borgarfjarðar.
42. *Leiklistarnámskeið í Snæfellsbæ:* Leiklistarnámsekið í Snæfellsbæ, áhersla á listræna sköpun í leik og starfi. Gunnsteinn Sigurðsson.
43. *Jólatónleikar:* Jólatónleikar Söngdætra með þátttöku Akurnesinga.
44. *Nanna systir eftir Kjartan Ragnarsson og Einar Kárason:* Leikdeild Skallagríms.
45. *Litla hryllingsbúðin:* Leikfélag Nemendafélags Menntaskóla Borgarfjarðar.
46. *Emil í Kattholti:* Námskeið og leiksýning. Leikfélag Ólafsvíkur.
47. *Sumarlistasmiðja ungs fólks á Snæfellsnesi:* Sumarlistasmiðja ungs fólks á Snæfellsnesi sem tengist átthagafræði Snæfellsness. Lista- og menningarnefnd Snæfellsbæjar.
48. *Draumurinn:* Samstarf við Vini Hallarinnar í Bíóhöllinni. Nemendafélag Fjölbrautarskóla Vesturlands.
49. *Hljóðfærasmiðja:* Flest hljóðfærin eru ekki flókin, námskeið á allra færi. Pamela De Sensi, námskeið á Vesturlandi.
50. *Myndskreyting á „kassanum":* Myndskreyting á „kassanum" Vatnstanki sem staðsettur er í Brákarey. Neðribæjarsamtökin, Sigursteinn Sigurðsson.
51. *Sýning á Görðum:* Fjölbreytt listgreinanámskeið fyrir alla aldurshópa, Listamenn á Akranesi. Steinunn Guðmundsdóttir.
52. *Söngtónleikar fjölskyldunnar:* Söngtónleikar fjölskyldunnar í samstarfi við Ingibjörgu Þorsteinsdóttur píanóleikara. Steinunn Guðmundsdóttir.
53. *Leiklistarnámskeið og leiksýning fyrir alla aldurshópa:* Ungmennafélag Reykdæla.
54. *Samtímaheimild heimamanna um mannlíf og náttúru að vetrarlagi:* Menningarhúsið Röðull á Skarðsströnd.
55. *„Veðrun og tæring":* Skúlptúrasýning Þór Magnússon á Gufuskálum. Átthagastofa Snæfellsbæjar.
56. *Tónleikar:* Kórstjórn og undirleikur. Karlakórinn Heiðbjört og Kvæðamannafélagsins Heiðsynninga.
57. *Sýning á Vökudögum:* Vitinn, félag áhugaljósmyndara á Akranesi.
58. *Tónleikar:* Kórstjórn og undirleikur. Aftanskin, félag eldri borgara.
59. *Ljósmyndasýning:* Skrásetning á umhverfi og manngerðum. Hversdagslegar stemningar. Dagbjört Drífa Thorlacius.
60. *Tónleikar:* Kórstjórn og undirleikur á tónleikum. Eldri borgarakórinn Gleðigjafar.
61. *Sýning á Vegamótum:* M.a. draugasögur af Kerlingaskarði. Hjördís Pálsdóttir.
62. *Tónleikar:* Kórstjórn og undirleikur á tónleikum. Hljómur Akranesi.
63. *Tónleikar:* Kórstjórn og undirleikur á tónleikum. Kvennakórinn Ymur Akranesi.
64. *Tónleikaveisla í desember:* Samstarf tónlistarfólks á Snæfellsnesi.Pakkhúsnefnd Snæfellsbæjar. Sýning um brúðkaup fyrr á tímum og til dagsins í dag. Lista- og menningarnefnd Snæfellsbæjar.
65. *Tónleikar:* Sigríður Hjördís leikur á þverflautu og Anna Guðný Guðmundsdóttir á píanó. Tónleikar í Hallgrímskirkju Saurbæ.

66. *Hönnun gjafavöru úr tré og málmi:* Sonja Karen Marínósdóttir.
67. *Akrafjall stolt Skagamanna:* Listsýning á Safnasvæðinu að Görðum. Sóley Dögg Guðbjörnsdóttir.
68. *Einþáttungahátíð í Logalandi:* Ungmennafélag Reykdæla.
69. *Námskeið á Eyrbyggjuhátíð í Grundarfirði:* Víkingafélagið Glæsir.
70. *Leiklistarnámskeið fyrir ungt fólk:* Leikfélagið Skagaflokkurinn.
71. *Ráðstefnur Menningarlandið og ráðstefna að Hólum í Hjaltadal:* Menningarráð Vesturlands.

**Stofn- og rekstrarstyrkir veittir af Menningarráði Vesturlands 2013:**[54]

1. Snorrastofa í Reykholti
2. Eldfjallasafnið Stykkishólmi
3. Eyrbyggja sögumiðstöð
4. Landbúnaðarsafn Íslands
5. Norska húsið Stykkishólmi
6. Frystiklefinn Leikhús á Rifi
7. Leir /7
8. Safnahús Borgarfjarðar
9. Sjóminjasafnið Hellisandi
10. Byggðasafnið Görðum Akranesi
11. Ljósmyndasafn Akraness
12. Hernámssetrið Hvalfjarðarströnd
13. Litla hvalasafnið

[54] http://nepal.vefurinn.is/Nepal_Skrar/Skra_0060370.pdf